

PÓRUNN SIGURÐARDÓTTIR

ERFILJÓÐ

Lærð bókmenntagrein á 17. öld¹

1. Inngangur

Á SAUTJÁNDU ÖLD komst í tísku í Evrópu, einkum meðal lærðra manna, að yrkja kvæði í tilefni af ýmsum áföngum eða viðburðum í lífi manna. Hefur þessi tegund kveðskapar verið kölluð tækifæriskvæði (danska: lejlighedsdigtning, norska: høvesdiktning, sænska: tillfällesdiktning, þýska: Gelegenheitsdichtung eða Casualdichtung, enska: occasional poetry). Hér er um að ræða kvæði eins og erfiljóð, brúðkaupskvæði, kvæði í tilefni fæðingar eða skírnar, embættisveitingar eða lúkningar prófs og lukkuóskir af margvíslegum ástæðum. En þrátt fyrir vinsældir tækifæriskvæða á 17. öld, og reyndar allt fram á þá tuttugustu, hafa þau ekki fengið mikið rúm í íslenski bókmenntasögu. Tækifæriskvæði voru venjulega ort af ákveðnu tilefni og stundum samkvæmt beiðni eða pöntun eða fyrir skyldurækni. Því virðast menn álykta sem svo að tækifæriskvæði verði til af öðrum hvötum en innri þörf skáldsins fyrir að yrkja og eigi þar af leiðandi lítið erindi í bókmenntasöguna þar sem fjallað er um fagurbókmenntir.² Þess hefur einnig gætt að lítið sé á tækifæriskvæði fremur sem heimildir um menn og atburði en sem bókmenntir. Virðist það viðhorf ríkjandi á fyrri hluta þessarar aldar. Páll Eggert Ólason talar t.d. um erfiljóð þar sem hann fjallar um „mannfræði“ (‘persónusögu’, ‘ættfræði’) í *Mönnum og menntum síðskiptaaldarinnar á Íslandi* (IV 1926:83), en tekur þó fram að búningsins vegna skuli þeirra getið í kveðskap. Í efnislyklum sínum fyrir *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins* (1935–1937:449) flokkar hann erfiljóð með

¹ Ég þakka Rannsóknarráði Íslands fyrir styrk til þeirra rannsókna sem greinin byggist á.

² Þetta viðhorf má sjá víða, t.d. þar sem fjallað er um erfiljóð í *Hugtökum og heitum í bókmenntafræði*: „flest voru þau lofkvæði um hinn látna í trúarlegum stíl, þar sem tilfinningum skáldanna var ætlað lítið svigrúm“, (1983:76), og í sama riti, þar sem fjallað er um tækifæriskvæði, segir: „Þessi t. voru iðulega ofhlaðin málskrúði, en skáldskapargildi hinsvegar harla lítið“ (291). Þannig hefur einnig verið lítið á tækifæriskvæði í Evrópu, eins og sjá má af mörgum fræðigreinum sem skrifaðar hafa verið á síðustu áratugum og vara menn við að lesa 17. aldar kveðskap með rómantískum augum 19. og 20. aldar. Hér má t.a.m. nefna Brian Vickers (1983:497–98); Per S. Ridderstad (1990:35 o.áfr.); Hans-Henrik Krummacker (1974:89 o.áfr.); Leila Akslen (1997:39–40 o.v.).

mannfræði en ekki kveðskap.³ Sama viðhorf má sjá hjá Jóni Þorkelssyni þjóðskjalaverði í útgáfu hans á erfiljóði séra Guðmundar Erlendssonar í Felli í Sléttuhlíð um Benedikt Pálsson bartskera og klausturhaldara á Möðruvöllum, sem birtist í *Tyrkjaráninu á Íslandi*, og í afskrift hans af erfiljóði eftir Vigfús Gíslason skólameistara í Skálholti, sem Hannes Helgason ráðsmaður hafði ort. Í útgáfunni hefst fyrra kvæðið á 21. erindi og tekur útgefandi fram að 1.–20. vísa sé „efnislítil inngangur“ (455). Í afskriftinni af síðara erfiljóðinu vantar fyrstu ellefu erindin framan af og fylgir eftirfarandi útskýring:

Er kvæðið heilt fram í 4. erindi, og er tómar Guðs orða hugleiðingar. Þá vantar blað í handritið, og er þá efnið nýbyrjað, þegar tekstinn hefst aptur (Lbs 2030 II 4to).⁴

Hér er heimildagildið eitt, ættfræðin og ævisagan, talið kvæðunum til gildis. Erfiljóð eru að sjálfsögðu mikilvægar heimildir fyrir persónusögu og félagssögu (og verða vonandi notuð meira af sagnfræðingum en verið hefur þegar þau verða aðgengilegri) en mikilvægi þeirra fyrir menningarsöguna og bókmenntasöguna er ekki síðra. Mörg helstu skáld 17. og 18. aldar ortu erfiljóð og eftir umfangi þeirra í handritum og kvæðasöfnum síðari alda að dæma hafa þau notið bæði virðingar og vinsælda meðal samtíðarmanna.⁵ En af hverju er rannsóknasaga íslenskra erfiljóða jafnrýr og raun ber vitni? Þess ber fyrst að geta að helstu höfundar bókmenntasögu 16. og 17. aldar, t.d. Jón Þorkelsson (*Om Digtningen på Island*, 1888) og Páll Eggert Ólason (*Menn og menntir* IV 1926; *Saga Íslendinga* V 1942), fjölluðu fremur um einstaka höfunda og verk þeirra en bókmenntagreinar og völdu ef til vill viðfangsefni sín fremur með tilliti til þess sem þeirra eigin samtíma fannst athyglisvert en í því skyni að fá heildarmynd af því sem var mikilvægt á mælikvarða fyrri tíða manna. Í bókum Stefáns Einarssonar, *Íslensk bókmenntasaga 874–1960* (1961), Óskars Halldórssonar, *Bókmenntir á lærdómsöld* (1996) og Heimis Pálssonar, *Straumar og stefnur* (1978), er bókmenntasagan sett fram á nokk-

³ Erfiljóð er þó nefnt undir flokknum kveðskapur en þar vísað í mannfræði. Sömu reglu hefur verið fylgt í viðaukaskráum handritadeildar Landsbókasafnsins sem komu út árin 1970 og 1996.

⁴ Jón skrifar kvæðið upp eftir handritinu Lbs 1158 8vo en það er einnig varðveitt heilt í ÍB 380 8vo.

⁵ Hér má t.d. nefna séra Ólaf Jónsson (1560–1627) á Söndum í Dýrafirði, séra Bjarna Gissurarson (1621–1712) í Þingmúla, séra Guðmund Erlendsson (um 1595–1670) í Felli í Sléttuhlíð, séra Hallgrím Pétursson (1614–1674), séra Jón Arason (1606–1673) í Vatnsfirði, séra Hallgrím Eldjárnsson (1723–1779), séra Þorlák Þórarinnsson (1711–1773), séra Gunnar Pálsson (1714–1791) og séra Jón Þorláksson (1744–1819) á Bægisá. Í eiginhandarriti kvæðabókar Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla, Thott 473 4to, eru t.a.m. 8 erfiljóð og hefur skáldinu þótt þau eiga heima í kvæðasöfnum sínum, með öðrum skáldskap. Í *Íslenskri ljóðabók* Jóns Þorlákssonar á Bægisá (1843) eru birt 63 erfiljóð og eru þau nánast jafnmörg og sálmar, sem eru 67 talsins.

uð annan hátt. Þar eru bókmenntategundir og stefnur í fyrirrúmi, þótt einstakir höfundar séu einnig teknir fyrir sérstaklega. Stefán ræðir um erfiljóð með „veraldlegri ljóðagerð“, segir að þau hafi aukist „að dýpt og trúarhita á þessari miklu trúaröld“ en fjallar ekki sérstaklega um greinina (235). Óskar tekur erfiljóð fyrir undir fyrirsögninni „kvæði um samtímaviðburði og fleira“ (24 o. áfr.) en Heimir flokkar þau með „frásagnarkvæðum“ (51–52), og báðir gagnrýna erfiljóð 17. og 18. aldar fyrir líkræðustíl (án þess þó að skilgreina nánar hvað í honum felst), ópersónulegar mannlýsingar og skort á raunsæi. Óskar segir: „kostir manna og kristilegar dygðir [eru] sveipaðar Guðs orði líkt og í líkræðum“ (26) en raunsæjar mannlýsingar (og jafnframt skáldlegar) eru taldar aðal góðra erfiljóða frá 19. öld.⁶ Í bókmenntasögu Máls og menningar er hvorki fjallað um erfiljóð né tækifæriskvæði sérstaklega í kaflanum um bókmenntir 1550–1750 (Böðvar Guðmundsson 1993:379–519).⁷ Þá er á það að líta að erfitt hefur verið að nálgast erfiljóð frá 17. og 18. öld — þau er að finna hér og hvar í handritum, einkum í sálmasöfnum og andlegra kvæða — því að skrá yfir kvæði á síðari alda handritum er afar ófullkomin og lítið hefur verið gefið út af erfiljóðum frá þessum tíma.⁸ Dálítið hefur þó verið prentað í safnritum um kveðskap síðari alda en oft ekki nema brot úr hverju kvæði.⁹ Það er því skiljanlegt að fáar tilraunir hafi verið gerðar til þess að skilgreina bókmenntagreinina eða kanna hana með aðferðum bókmenntafræðinnar.¹⁰ Annars vegar veldur því sá rómantíski skilningur bókmenntafræðinga 19. og 20. aldar að skáldskapur skuli vera frumlegur, hafa „skáldskapargildi“,¹¹ og hins vegar það hve textar

⁶ Skilgreiningar á erfiljóðum í handbókunum *Bókmenntir* (1972:29–30) eftir Hannes Pétursson og *Hugtök og heiti* (1983:76–77) eftir Jakob Benediktsson eru samhljóða því sem Óskar og Heimir segja.

⁷ Nokkur umfjöllun um kvæðagreinina er í þriðja bindi bókmenntasögunnar eftir Pál Valsson (283–88 og 327–30), þar sem fjallað er um rómantíkina, en sama viðhorf til „skáldskapargildis“ erfiljóða, sem ort voru fyrir daga Bjarna Thorarensens, birtist þar og í fyrri bókmenntasöguritam.

⁸ Aðeins lítil hluti kvæðahandrita hefur verið efnistekinn á handritadeild Landsbókasafnsins, en þar eru flest síðari alda handrit varðveitt.

⁹ Sjá t.d. *Íslands þúsund ár*. Kvæðasafn 1600–1800 (1947), *Blöndu* II (1921–23) og IV (1928–1931), *Tyrkjaránið á Íslandi* (1908); *Sögu Magnúsar prúða* (1895) og *Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hitardal* II (1911–1915). Erfiljóð Hallgríms Péturssonar hafa verið prentuð með öðrum kvæðum hans, t.d. í útgáfu Gríms Thomsens (1890).

¹⁰ Í MA-ritgerð minni frá 1996 geri ég slíka tilraun en einkum með það að markmiði að aðgreina hóp kvæða, sem löngum hafa verið kölluð erfiljóð, frá hefðbundnum erfiljóðum 17. aldar og skilgreina þau sem sérstaka bókmenntagrein er ég kalla harmljóð.

¹¹ Þó segir Páll Eggert á einum stað í *Mönnum og menntum* (1926:775), þar sem hann gagnrýnir kveðskap 17. aldar fyrir „hversdagsleg“ viðfangsefni og hve lítt gæti lýsinga á sálarlífi manna eða háfleygra yrkisefna, að „sterk geðbrigði“ komi helst fram í erfiljóðum á þessum tíma.

erfiljóða eru óaðgengilegir. Hvað varðar fyrra atriðið er nauðsynlegt að líta á kveðskap eins og erfiljóð í samhengi við lífssýn og menningu samtímans og reyna að skilja hvaða hlutverki slíkur kveðskapur þjónaði þá. Erfiljóð, sem og aðrar tegundir tækifæriskvæða, höfðu nefnilega félagslegu hlutverki að gegna, um leið og þau voru vissulega bókmenntir — misjafnlega góðar eftir atvikum, eins og bókmenntir eru jafnan.

Hér á eftir er ætlunin að túlka félagslegt og trúarlegt hlutverk erfiljóða 17. aldar með því að gera grein fyrir þeim aðferðum sem skáldin notuðu til að yrkja slík kvæði og þeirri orðræðu sem í þeim birtist, í samhengi við menntun og menningu lærðra manna á 17. öld. Fjallað verður almennt um bókmenntagreininna og dæmi tekin úr ýmsum erfiljóðum en síðan verður eitt erfiljóð skoðað í ljósi hinnar almennu skilgreiningar og það gefið út í 1. viðauka (bls. 167–174). Erfiljóðið sem hér liggur til grundvallar er ort af séra Guðmundi Erlendssyni í Felli í Sléttuhlíð (um 1595–1670) eftir Ólaf Jónsson klausturhaldara á Möðruvöllum í Hörgárdal (d. 1621). Kvæðið er skrifað upp eftir handritinu JS 232 4to. Ástæðan fyrir þessu vali er sú að séra Guðmundur var mjög afkastamikill erfiljóðaskáld á 17. öld og í þessu kvæði birtast flestir þeirra efnisþátta sem einkenna bókmenntagreininna. Skrá yfir önnur erfiljóð, sem vitnað er til í greininni, er birt í 2. viðauka (bls. 174–177).

Eins og sagði að framan hefur aðaleinkenni íslenskra erfiljóða frá 17. og 18. öld verið talið það að hinum látna sé hrósað fyrir kristilegar dygðir, sem geri mynd hans ópersónulega og óraunsæja. Svipuð einkenni má finna í erfiljóðum annarra Evrópuþjóða frá þessum tíma. Hlutverk danskra erfiljóða, *dødedigte*, frá barokktímanum er til dæmis talið felast í því að útskýra og staðfesta ákveðna heimsmynd. Áhersla er lögð á að kvæðin lýsi ekki raunveruleikanum heldur gegni þau hugmyndafræðilegu hlutverki, þar sem hinn látni er gerður að trúarlegri fyrirmynd (Ole Riber Christensen o.fl. 1973:142–44). Svipaða túlkun á enskum minningarljóðum, *the remembrance*, má sjá í grein eftir Nancy A. Gutierrez (1988). Hlutverk þeirra er, samkvæmt henni, að kenna mönnum ákveðna hegðun og hún kallar þau „fyrirmyndarbókmenntir“, *model literature*, sem séu meira í ætt við blaðamennsku en fagurfræði bókmennta. Vissulega má segja að erfiljóð lýsi jafnan fyrirmyndarmanninum og staðfesti ríkjandi hugmyndafræði (sem er þó ekki endilega einkenni einnar bókmenntategundar fremur en annarrar), en það er aðeins einn þáttur af mörgum sem brýnt er að taka tillit til þegar félagslegt og trúarlegt hlutverk bókmenntagreinarinnar er túlkað.

Mikilvægt í þessu sambandi er að átta sig á því umhverfi sem erfiljóðin verða til í og af hvaða rótum þau eru sprottin. Því ber að hafa í huga að á þessum tíma voru flest erfiljóðaskáld prestar, eða menn sem gengið höfðu í latínuskóla, og þeir ortu um presta, biskupa, sýslumenn og lögmenn, mæður

þeirra, eiginkonur og dætur. Á 17. öld eru erfiljóð því bókmenntagrein sem tilheyrir að mestu leyti prestastéttinni og embættismönnum, og ef til vill einkum þeim betur stæðu. Þau eru háð trúarlegum kennisetningum samtímans en jafnframt mótuð af hefð mælskufraðinnar, sem skáldin höfðu numið í latínuskólunum og af lestri bóka. Hér er ekki ætlunin að gera tæmandi úttekt á því hvaða bókmenntaleg eða félagsleg áhrif megi finna í þessari bókmenntagrein. Víða má til dæmis merkja áhrif frá íslenskum fornbókmenntum í henni, bæði í skáldamáli og bragarháttum, en hér á eftir verður sjónum beint að áhrifum mælskufraði á byggingu íslenskra erfiljóða frá 17. öld og því hvernig hugmyndir hins lútherska rétttrúnaðar um verðugt líf og góðan dauða hins útvalda manns birtast í þeim. Ég tel að erfiljóðin verði best skilin og útskýrð með hliðsjón af þessu tvennu.

2. Áhrif mælskulistar á erfiljóð 17. aldar

Fræðimenn eru sífellt að átta sig betur á því hve mikilvæg klassísk mælskulist hefur verið fyrir bókmenntir liðinna alda, sérstaklega sá þáttur hennar sem snýst um tækifærissræður/lofæður — *genus demonstrativum* (Curtius 1948: 155). Þar hafa þýskir fræðimenn verið í fararbroddi, einkum Ernst Robert Curtius með riti sínu *Europäische Literatur und lateinisches Mittelalter*, sem kom út árið 1948. Hann heldur því fram að evrópskar miðaldabókmenntir á þjóðtungunum væru óskiljanlegar ef ekki væri hugað að latneskum bakgrunni þeirra. Hér á landi hafði þessari samevrópsku latnesku menningarhefð, og áhrifum hennar á íslenskar bókmenntir, fremur lítill gaumur verið gefinn þar til á 9. áratugnum með rannsóknum Sverris Tómassonar á áhrifum helgisagna og mælskufraði á forna íslenska frásagnarlist (1983), formálum íslenskra sagnaritara (1988a) og klassískri menntun á Íslandi á miðöldum (1988b). Tækifæriskvæði eru sprottin upp úr þessari sömu hefð. Þau eiga einkum uppruna sinn að rekja til Þýskalands 16. aldar, til lærdómsmanna sem vilja heiðra vini og samstarfsmenn með minningarljóðum og árnaðaróskum á latínu og grísku. Þó að til séu bókmenntagreinar frá miðöldum sem skyldar eru tækifæriskvæðum — hér má nefna lofkvæði og erfidrápur norrænna manna og íslensk minningarkvæði um biskupa frá síðmiðöldum¹² — er hér um að ræða nýtt fyrirbæri, sem tengist vafalaust m.a. aukinni áherslu á einstaklinginn og birtist glögg í trúarkenningum mótmælenda. Þessi bókmenntatíska

¹² Þjóðverjar ortu einnig lofkvæði á miðöldum, bæði á latínu og þýsku, sem byggjast á reglum klassískrar mælskufraði (Georgi 1969).

barst síðan til Norðurlandanna með öðrum bókmenntum siðbreytingarinnar og var ekki síst stunduð á lærdómssetrum og í latínuskólum.¹³

Eins og komið hefur í ljós í rannsóknum Sigurðar Péturssonar á nýlatneskum bókmenntum Íslendinga frá 16. og 17. öld (1995; 1996; 1997; 1999), ríkti sama bókmenntahefð meðal menntamanna hér á landi og annars staðar í Norður-Evrópu. Ef kvæðahandrit síðari alda eru skoðuð kemur hið sama í ljós. Í þeim er að finna fjölmörg latnesk tækifæriskvæði. Nefna má erfiljóð Arngríms Jónssonar lærða eftir Guðbrand biskup Þorláksson (d. 1627) (Páll Eggert Ólason 1926:638), erfidrápu Brynjólfs biskups Sveinssonar um Gísla Hákonarson lögmann (d. 1631) (JS 400 b 4to) og erfiljóð séra Sveins Jónssonar á Barði um séra Þorkel Arngrímsson í Görðum 9. ágúst 1678 (JS 402 4to). Gott yfirlit yfir ýmsar tegundir tækifæriskvæða, sem ort voru af Íslendingum á latínu á 17. öld, er í grein eftir Sigurð Pétursson sem fjallar um latínukvæðskap er tengist Þórði Þorlákssyni biskupi (1637–1697) og Skálholti á hans dögum (1998:197–219).¹⁴

Skólasveinar í latínuskólum Evrópu lærðu að yrkja tækifæriskvæði í tengslum við nám sitt í latínu og grísku. Þeir voru látnir líkja eftir latneskum kvæðum og æfa sig í að nota klassíska bragarhætti. Slíkar kennsluáðferðir munu einnig hafa verið viðhafðar á Íslandi. Sigurður Pétursson hefur, í grein sem hann skrifaði um latínukennslu á Íslandi eftir siðbreytingu, bent á latnesk tækifæriskvæði sem Þorlákur Skúlason (1597–1656) og Stefán Ólafsson (um 1619–1688) ortu meðan þeir voru stúdentar á Hólum og í Skálholti og áður en þeir héldu til háskólanáms í Kaupmannahöfn. Hinn fyrri orti kvæði í tilefni af útgáfu latneskrar málfræði á Hólum árið 1616 og hinn síðari orti ljóðabréf á latínu til vina sinna árin 1642–1643. Telur Sigurður að þetta bendi til þess að latnesk kvæðagerð hafi verið hluti af námsefni skólanna á þessum tíma (1996:116; sjá einnig Sigurður Pétursson 1999). Viðlíkar kennsluáðferðir munu hafa tíðkast langt fram á 18. öld, ef ekki lengur. Jón Ólafsson úr Grunnavík fjallar um þetta í riti sínu, *Hagþenki*, sem hann skrifaði í Kaupmannahöfn árið 1737, í kafla sem nefnist „Um latínuskáldskap“.¹⁵ Til þess að

¹³ Páll Eggert Ólason talar um erfiljóð „með hinu nýja sniði“, sem fara að tíðkast á fyrstu áratugum 17. aldar (1926:83).

¹⁴ Menn héldu áfram að yrkja erfiljóð á latínu á 18. og 19. öld, t.d. eru nokkur latnesk erfiljóð til eftir Jón Þorkelsson skólameistara, ásamt fleiri tegundum tækifæriskvæða, og birt eru í ævisögu hans (1910:267–367).

¹⁵ Upplýsingar um þetta má fá úr fleiri heimildum. Jón Helgason biskup segir t.d. frá því í bók sinni um Hálfðan Einarsson skólameistara (1732–1785) að í efri bekkjum latínuskólans hafi verið farið að kenna piltum „latneska bragliðafræði (prosodia) og að æfa pilt, er lengst voru komnir, í latneskri versgjörð“. *Meistari Hálfðan* ([1935]:61). Í Lagagriplu lýsir séra Þorsteinn Pétursson skólaiðkunum fyrir daga Harboes og nefnir m.a. „prosodia“ (*Æfisaða Jóns Þorkelssonar* I 1910:190).

geta ort á latínu þurftu skólasveinar að kunna skil á latneskri bragliðafræði, lesa klassískan skáldskap og læra að setja prósa í vers. Þá þurftu þeir að læra 'það brúkanlegasta kvæðasmíði, eftir mismun efnisins' (1996:44). Nefnir Jón eftirfarandi þætti úr mælskufraedinni í þessu samhengi: *Inventio* ('efnisval'), *amplificatio* ('stigmögnun efnisins'), *dispositio* ('niðurröðun' eða 'efnisskipan') og *elocutio* ('framsetning og málfar').¹⁶ Síðan nefnir Jón ýmsar greinar latneskra tækifæriskvæða sem menn geti lagt fyrir sig, svo sem *carmen genethliacum*, sem er vers á fyrsta fæðingardeggi manns, *epithalamium*, sem er brúðkaupsvers, *gratulatorium*, samfögnunarvers, ef góður vinur hefur hreppst nýtt embætti eða akademískan heiður, *epicedium*, sem er „líkvers“, *epitaphium*, sem er grafskrift og margar fleiri tegundir (44–45). Þegar Jón svo fjallar um skáldskap á móðurmálinu, í kafla sem hann nefnir „Að skælda í íslensku“, segir hann m.a. að efnid geti skólasveinninn 'lagað eftir þeim latínska skáldskap í flestu' (53). Með „efninu“ á Jón vafalaust við bókmenntagreinarnar sem hann talar um í kaflanum um latínuskáldskap. Á tíma Jóns, og reyndar allt frá fyrstu áratugum 17. aldar, er enda orðið miklu algengara að tækifæriskvæði séu ort á þjóðtungum en latínu og grísku (Skafta Jensen 1995: 37; Ridderstad 1990:32; Beutin 1993:117–18), þó að menn yrki slík kvæði vissulega áfram á hinum fornu tungum allt fram á 19. öld (sbr. Sigurður Pétursson 1995:103, 116–18).

En erfiljóð á þjóðtungunum draga á ýmsan hátt dóm af latneskum kvæðum samtímans og fara að mörgu leyti eftir þeim reglum um inntak og byggingu líkræða og líkversa sem settar eru fram í handbókum um mælskufraedi og skáldskaparfræði. Þetta má t.d. sjá hjá „föður þýskrar ljóðagerðar“, Martin Opitz (1597–1639), en hann byggði verk sitt, *Buch von der deutschen Poeterey* (1624) á latneskri skáldskaparfræði J. C. Scaligers, *Poetices libri septem* (1561) (Segebrecht 1977:90 o.áfr.).¹⁷ Auk Scaligers höfðu Jacobus Pontanus með *Poeticarum institutionum libri tres* (1594) og Gerhard Johannes Vossius með *Elementa rhetorica* (1626) og *Poeticarum institutionum libri tres* (1647) mikil áhrif á skáldskaparfræði í Þýskalandi og á Norðurlöndum á

¹⁶ Um þessi hugtök og önnur úr mælskufraedinni er fjallað í uppflettiritinu, *A Handlist of Rhetorical Terms*, eftir Richard A. Lanham (1968) og afar greinargott yfirlit er í riti Heinrichs Lausberg, *Handbuch der literarischen Rhetorik* (1973). Í *Íslenskri stílfræði* eftir Þorleif Hauksson og Þóri Óskarsson er lauslega fjallað um helstu hugtök mælskufraedinnar (1994:16 o.áfr.; 346 og 415 o.áfr.), einnig í bók Árna Sigurjónssonar, *Bókmenntakemningar fyrri alda* (1991). Í tengslum við ákveðnar bókmenntategundir eru ágætis yfirlit í bók Sverris Tómassonar, *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum* (1988) og Laila Akslen, *Norsk barokk* (1997).

¹⁷ Þó að skáld séu farin að yrkja tækifæriskvæði á þjóðtungunum, bæði í Þýskalandi og á Norðurlöndunum, áður en bók Opitz kemur út, hefur hún haft mikil áhrif á slíkan kveðskap, einkum í Þýskalandi en einnig í Danmörku, því að Martin Opitz var löngum í sambandi við Dani og dvaldi um tíma í Danmörku.

17. öld (Krummacher 1974:96 o.áfr.; Ström 1995:284 o.áfr.).¹⁸ Þessi rit gefa mjög svipuð fyrirmæli um hvernig fjalla skuli um framliðna í bókmenntum, enda byggja þau öll á klassískri mælskulist, þar sem kennt er hvernig eigi að lofa eða lasta menn, *genus demonstrativum*. Líklegt er að íslenskir lærdómsmenn hafi þekkt flest eða öll þessi rit sem hér hafa verið nefnd, eða önnur sams konar rit, en heimildir um bókæign Íslendinga á 17. öld eru af fremur skornum skammti.¹⁹ Að minnsta kosti þekkja íslensk erfiljóðaskáld þá hefð sem á rætur að rekja til þessara rita og styðjast við þær reglur sem þar eru settar fram þegar þau yrkja slík ljóð.

Þau klassísku rit sem eru talin helstu fyrirmyndir skáldskaparfræða á 16. og 17. öld eru *Institutio Oratoria* eftir Quintilianus (III,7:465 o.áfr.) og *Rhetorica ad Herennium* eftir óþekktan höfund (III,6:173 o.áfr.).²⁰ Í báðum ritunum er mælt með því að byggja lof um hinn látna á ævisögu hans, en einnig þeirri aðferð að leggja áherslu á sérstakar dygðir einstaklingsins. Höfundur *Ad Herennium* nefnir þrjá frumbætti lofs til að nota þegar frægja á ákveðinn einstakling: Ytri kringumstæður (í þeim felst t.d. ætterni, menntun, ríkidæmi, völd, vinátta o.fl.); líkamleg einkenni (eins og framkoma, útlit og heilsa); persónuleiki (hér er átt við dygðir einstaklingsins, eins og til dæmis höfuðdygðirnar, forsjálni, hugprýði, höfsemi og réttýni).²¹ Í erfiljóðum 17. aldar er einnig miðað við kristilegar dygðir eins og guðhræðslu, bænærkni, mannúð og þolinmæði. Hér má nefna, sem dæmi um þá aðferð að leggja áherslu á dygðir hins látna, kvæði séra Jóns Guðmundssonar í Hítardal eftir

¹⁸ Eitt af ritum Vossíusar hefur nýlega verið þýtt á sænsku: Gerhardus Johannes Vossius, *Elementa rhetorica eller Retorikens grunder* (1990).

¹⁹ Heimildir um bókakost á Íslandi eftir síðbreytingu er m.a. að finna í: *Æfissögu Jóns Þorkelssonar* (1910:196–97), en þar er listi yfir bækur sem voru í Skálholtsskóla árið 1753. Hörður Ágústsson hefur birt skrár yfir bækur dómkirkjunnar í Skálholti frá 16. öld og áfram og styðst þar m.a. við *Íslenskt fornbréfasafn* og skrár sem gerðar voru að tilhlutan Árna Magnússonar og eru varðveittar í AM 227 8vo (1992:285–356). Ekki eru þessar bækur sem hér um ræðir í þessum skrárn er mælskufræði Melancthons er víða nefnd, og hefur verið hér kennd, en hún er eitt af undirstöðurritum skáldskaparfræða á 17. öld. Ýmis rit eru einnig þekkt eftir Scaliger, þó að þetta rit sé ekki beinlínis nefnt. Jón Ólafsson úr Grunnavík þekkir það þó eins og fram kemur í ritgerð hans „Technopægnia“ sem er varðveitt í handritinu AM 1028 4to og Margrét Eggertsdóttir hefur nýlega gefið út í safni greina eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík undir yfirskriftinni „Skáldanna leikaraverk“ (1999:21–37). Ritgerð Grunnvíkings var skrifuð fyrir 1741, sbr. Jón Helgason (1926:218).

²⁰ Þess má geta hér að samkvæmt skrárn yfir bækur Brynjólfs Sveinssonar biskups og Páls Vídalíns lögmans voru þessi rit til í eigu þeirra beggja, auk annarra rita um klassísk fræði og skáldskap. Sjá Jón Helgason (1948:119–120 og 1983:22).

²¹ Latnesku orðin um höfuðdygðirnar fjórar hafa verið þýdd á mismunandi vegu í íslenskum ritum. Í „Um kostu og löstu“ eftir Alkuin heita þær ‘vitra’, ‘styrkt’, ‘höfsemi’ og ‘réttlæti’ (*Þrjár þýðingar lærðar* 1989:156).

konu sína, Guðríði Gísladóttur (d. 1620). Kvæðinu er skipt í nokkra kafla undir fyrirsögnum dygða þeirra sem konuna prýddu: I guðhræðsla; II skírlífi; III iðjusemi; IV lítillæti; V mildleiki; VI þolinmæði.²² Dygðir hins látna eru ekki alltaf teknar fyrir svo kerfisbundið í kvæðunum en sum erfiljóð leggja meiri áherslu á dygðir en önnur, þó að þær séu alltaf mikilvægur þáttur í lofi um látinn mann.

Gott dæmi um að menn hafi þekkt þá klassísku aðferð að bygga lof um látinn mann á ævisögu hans er uppskrift af kvæði Jóns Einarssonar konrektorors um Þórð Þorláksson biskup (d. 1697) í handritinu Lbs 505 4to. Þar eru efnisorð rituð á spássíu til hliðar við kvæðið og þar sem viðkomandi efni er falið. Efnisorðin eru að mörgu leyti lýsandi fyrir hina ævisögulegu aðferð en þau sýna einnig hvað í lífsferli manna þótti mikilvægt á þeim tíma sem kvæðin voru ort. Þessi efnisorð skulu talin hér upp til glöggvunar á því efni sem um er að ræða:

Fæðingin, uppfóstrið, stúdía í skólanum, dimmissio, missir föðurins, siglingin, stúdía utanlands, afturkoma, skólameistaradæmi, sigling önnur í Kaupenhöfn og þaðan í Þýskaland, stúdía í Wittemberg, reisur í Þýskalandi, reisa til Frakklands, reisur um Frankaríki og þaðan til Kaupenhafnar, magistri gradus, ordinatis, afturkoma, tekin ráð í Skálholt, hjónaband, lífsafkvæmi, umhyggja embættisins, prentverkið, ölmusugirni, menntan og lærdómur, útvortis álit, kross og mótlæti, þolinmæði, andlátíð, ár hans biskupsdóms, andlátstíminn.²³

Síðar í ritgerðinni verður nánar greint frá þeim atriðum af þessum sem þóttu sérstaklega mikilvæg í samtímanum. Í erfiljóðum 17. aldar voru nefnilega aðrar áherslur en hjá hinum klassísku höfundum. Sjónum var t.a.m. sjaldan beint að fæðingu hins liðna í erfiljóðum 17. aldar og atriði eins og föðurland og kynferði hurfu nánast (sbr. einnig lútherskar líkræður, sjá Kolb 1995:101).²⁴ Þó að

²² Í viðauka er skrá yfir öll erfiljóð sem nefnd eru í greininni og hvar þau er að finna. Þeim er raðað í stafrófsröð eftir höfundum. Kvæði eftir ónafngreinda höfunda eru fremst.

²³ Kvæðið er einnig að finna í handritunum Lbs 2095 8vo og Lbs 1255 8vo en í þeim eru efnisorð ekki skráð. Kári Bjarnason og Sigurður Pétursson gáfu þetta erfiljóð út í ráðstefnuritinu *Frumkvöðull vísinda og mennta* (1998:295–312). Lögðu þeir 2095 til grundvallar en styðjast við hitt þar sem 2095 hefur skemmt. Þeir nefna ekki Lbs 505 4to en orðamunur milli þess og hinna er ekki mikill, þó eru erindi 58 og 59 í öfugri röð í 505 miðað við hin tvö.

²⁴ Hér er vert að geta þess að þessi klassísku áhrif á ævisögubátt erfiljóða eru alls ekki ný af nálinni á þessum tíma né heldur áhersla á höfuðdygðirnar í ævisögu manna. Minna má t.d. á helgisögur miðalda, einkanlega játarasögur (sjá Sverrir Tómasson 1983:133–136). Retórísk einkenni í mann lýsingum má einnig finna í rímum (sjá Bergljót S. Kristjánsdóttir 1996:194 o.áfr.). Þá skal bent á líkpredikanir Péturs Palladúsar sem prentaðar voru aftan við leiðbein-

erfiljóð séu sprottin upp úr hefð mælskufræðinnar eru þau engu að síður háð stað og stund, eins og reyndar flestar bókmenntagreinir. Þessu lýsir bandaríski bókmenntafræðingurinn Rosalie L. Colie vel í bók sinni *The Resources of Kind*. Hún segir að sérhver höfundur skáldverks hafi fjölda hugtaka og hugmynda á takteinum sem hann tengir ákveðnum tegundum bókmennta. Höfundurinn lítur aftur til fyrirmynda úr bókmenntasögunni til að fara eftir eða víkja frá við samningu skáldverks síns. En Colie bendir jafnframt á að sjónarhorn höfundarins sé einnig bundið samtímanum. Hann er ekki aðeins flytjandi ákveðinnar hefðar, heldur er það safn fyrirmynda sem hann notar mikilvægt fyrir hann á þessum stað og þessari stundu (Colie 1973:30–31). Einnig ber að hafa í huga að þótt skáldin hafi þessar reglur og aðferðir á valdi sínu, eða þekki a.m.k. kveðskaparhefð erfiljóða, er vitaskuld einstaklingsbundið hvernig unnið er úr hefðinni; hvaða efnisþættir eru valdir og hvernig grundvallarefnisþáttum er fléttað saman. Í sumum kvæðum er lögð mikil áhersla á æviferil hins látna, stundum er fjallað ítarlega um afkomendur og/eða foreldra, í öðrum kvæðum skipta æviatriði minna máli og sjónum e.t.v. frekar beint að dygðum hins látna eða lýsingu á því sem ástvinir og/eða landið allt hefur misst.

En þó að lof um hinn látna sé venjulega aðalatriði erfiljóða koma til fleiri þættir sem máli skipta. Þýski fræðimaðurinn Hans Henrik Krummacker sýndi fram á það í greininni „Das Barocke Epicedium“ (1974) að erfiljóð á barokktímanum væru einkum flétuð saman úr þremur efnisþáttum: *Lofi* ('laudatio'), *sorg* ('lamentatio') og *huggun* ('consolatio'). Stundum væri einnig bætt við atriðum eins og að tjá missinn sem varð við fráfall hins látna ('iacturae demonstratio') og hvatningu eða áminningu til hinna sem eftir lifa um að taka hann sér til fyrirmyndar ('exhortatio') (Krummacker 1974:95 o.áfr.; sjá einnig Ström 1995:284; Hardison 1962:122; Ridderstad 1990:28).²⁵ Aðferðina rekur Krummacker m.a. til bókar Scaligers, sem nefnd var hér að framan. Hér á eftir verður sjónum einkum beint að þessum atriðum í erfiljóðum frá 17. öld en önnur klassísk áhrif, svo sem orðfæri og stílbrögð, látin bíða betri tíma.

3. Lof um hinn látna

Í þeim erfiljóðum sem hér eru lögð til grundvallar er lofið fyrirferðarmest af þeim þremur þáttum — lof, sorg, huggun — sem einkenna bókmenntagrein-

ingar um greftrun í handbók Marteins Einarssonar biskups árið 1555, *Ein Kristilig handbog* ... Í þessum líkpredikumum sér fyrir ýmsum af þeim atriðum sem einkenna erfiljóðin. En bókmenntagreinin erfiljóð í þessu formi verður vart til fyrir en á 17. öld.

²⁵ Um formúlu Scaligers fyrir erfiljóðum má t.d. lesa hjá Hardison (1962:196–98).

ina.²⁶ Í íslensku erfiljóðunum kemur lof einkum fram með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með því að greina frá helstu atburðum í lífi hins látna (ævisagan), í öðru lagi með því að draga fram dygðir þær sem hann höfðu prýtt og í þriðja lagi með því að lýsa hegðun hans á dauðastundinni. Hér á eftir verður hver þáttur um sig ræddur og dæmi tekin úr ýmsum erfiljóðum.

3.1 Æviferill

Samkvæmt reglum mælskufræðinnar skal greina frá atburðum og atriðum sem koma á undan fæðingu þess sem á að lofa og einnig frá því sem verður eftir lát mannsins, t.d. verk hans sem standa eftir að hann sjálfur er horfinn, jafnframt því að lífshlaup hans er rakið. Í erfiljóðum 17. aldar skiptir síðast-talda atriðið höfuðmáli. Þó er stundum sagt frá því hverjir foreldrar hans höfðu verið. Þannig segir í erfiljóði Jóns Einarssonar konrektors um Þorlák Þórðarson skólameistara (d. 1697):

foreldrar hans með heidre
hielldu þann Biskups stól,
...
ætt hans ä allar hendur
øll meður bloma stendur,
það mä giørst sierhvør siä. (13. er.)

Í erfiljóði séra Jóns Guðmundssonar í Felli í Sléttuhlíð um Gísla Þorláksson biskup (d. 1684) eru foreldrar Gísla nefndir á nafn og sagt að „grundvöllur“ hins göfuga ávaxtar hafi verið góður:

Biskup minningar blessadrar
Biskups Thorläks son ellste var;
Christin hannz möder kuenna Blöm
kiørenn af drottne i eckiu dom.
Gøfugann ävøxt af gödum þar
Grundvelle, j heim sü möder Bar,
søfnude Gudz eim merkis mann
mørgum til gagns sem bera vann. (2. er.)

Hér kemur greinilega fram að uppruni manna var mikilvægur mælikvarði á

²⁶ Hardison (1962:122) bendir á þetta í sambandi við ensk erfiljóð frá því á 16. og 17. öld (sjá einnig Gutierrez 1988:105–121). Lof virðist einnig vera meginþema danskra erfiljóða (Auken 1998) og hið sama má lesa út úr umfjöllun Akslen (1997:61–65) um norsk erfiljóð frá barokktímanum.

þá sjálfa. Þó að foreldrar séu ekki alltaf nefndir er venjulega sagt að hinn látni hafi verið af góðum ættum eða af góðu fólki kominn.

Ekki er heldur algengt að sjá fjallað um verk mannsins sem standa eftir að hann er allur, minnisvarða eftir hann eða afkomendur sem varpað geta ljóma á hann, eins og reglur mælskufræðinnar segja fyrir um. Þó má sjá þessa stað í sumum erfiljóðum. Í erfiljóðinu eftir Gísla biskup er talað um postillu þá sem hann gaf út (5. er.) og því næst segir:

Su *hanns* hiartnæm og blessud bök
bigd þessa landzens nitsemd jök
...
lätinn *kienn*er sem lijfs sie hier
lesinn huar hun og jdkud er.

Helst má sjá afkomenda hins látna getið. Í erfiljóði séra Þórðar Jónssonar á Staðastað eftir föðurmóður sína, Katrínu Erlendsdóttur, er börnum hennar hrósað. Tveir af sonum hennar höfðu lokið meistaraþrófi og varð annar þeirra biskup á Hólum (29. er.). Sá þriðji var sýslumaður yfir Árnessýslu og dæturnar hlutu ágæt „giftumál“ (30. er.). Stundum eru afkomendur ávarpaðir og ljóst er að kvæðið hefur verið ort til þeirra eða þeim til huggunar. Hér má nefna erfiljóð séra Guðmundar Erlendssonar um Þórunni Benediktsdóttur (d. 1628) en þar ávarpar höfundur syni og tengdadætur Þórunnar í síðustu tveimur erindunum og biður þau að forlata við sig kvæðið. Þessum atriðum er ekki sinnt í erfiljóðinu um Ólaf Jónsson, sem birt er hér fyrir aftan.

Algengt er að nafngreina hinn burtfarna snemma í erfiljóðunum, um það bil sem byrjað er að rekja lífshlaup hans. ‘Eg má ekki annað / en Ara nefna Magnússon’ (1. er.) segir í erfikvæði um Ara í Ögri (d. 1652) sem sonur hans, Jón Arason í Vatnsfirði orti.

...
fyrer Guds mylde mæta
minnast skulumm ä þann
Eggert Björnsson ägiæta
Ehrugöfiga Mann (4. er.),

segir í erfiljóði óþekktis höfundar um Eggert Björnsson. ‘Þóra Jónsdóttir þessi hét’ (4. er.) er úr kvæði sem séra Hálfðan Rafnsson á Undornfelli orti. Þó eru dæmi um að hinn látni sé kynntur á annan hátt. Í erfiljóði séra Ólafs Jónssonar á Söndum um Vigðísi Halldórsdóttur er hún kennd til eiginmanna sinna: „Ølldinn nefnde Þörvalld þann / sem þessa vijfs var fjirri mann / Torfa eg Annann telia kann“ (7. er.). Hún er þó nafngreind í fyrirsögn og er það venjan í erfiljóðum, þótt með undantekningum sé.

Aðrar staðreyndir úr ævisögu hins látna, sem venjulega koma fyrir í íslensku erfiljóðunum, eru t.d. hjónaband og nafn maka, bústaður, fjöldi barna og starf hans. Ennfremur er algengt að flétta ártöl og aldur manna inn í kvæðin, t.d. fæðingar- og dánarár, aldur við lát og giftingu og hversu mörg ár hann hafði verið í hjónabandi. Mörg þessara atriða má sjá í „lífs sögu Þóru Jónsdóttur“ (d. 1627), eftir séra Hálfdan Rafnsson á Undornfelli. Hún var alin upp í Eyjafirði (5. er.), á Tjörn, Kristnesi og Grund var hún í níu ár (7. er.), fór þá í vist í Skálholt þar sem hún var í önnur níu ár (8. er.), eða þangað til hún giftist átján vetra gömul (11. er.); Páll Gíslason var eiginmaður hennar (10. er.); hún eignaðist tvö börn sem bæði létust og dó sjálf frá hinu þriðja (11.–15. er.); í tuttugasta og þriðja erindi er svo sagt frá dánarári hennar og aldri. Í erfiljóðinu um Vigfús Gíslason sýslumann eftir Hannes Helgason er Vigfús nefndur á nafn í 11. erindi, hann lærði í Kaupmannahöfn og Hollandi (17. er.), varð skólameistari í Skálholti (19.–21. er.), síðan sýslumaður (24. er.), fékk veitingu fyrir Árnessýslu, hálfu Rangárþingi og Vestmannaeyjum (26. er.), kvæntist 27 ára gamall (27. er.), eignaðist tíu börn (28. er.), var veikur í tvær vikur (38. er.) og dó 1647 (45. er.). Sum erfiljóð leggja enn meiri áherslu á lífsferil mannsins og rekja hann nokkru nánar en hér hefur verið lýst. Nefna má erfiljóð Guðbrands Jónssonar um föður sinn séra Jón Arason í Vatnsfirði (d. 1673) og kvæði Páls Jónssonar Vídalíns um Þorleif Gíslason frá Hlíðar-enda (d. 1677, kvæðið er ort 1696).

Oft er staðnæmst við ákveðin atriði í lífsflaupum manna og meira gert úr þeim en öðrum; hjónabandið var t.d. 17. aldar mönnum mjög mikilvægt. Fyrir siðbreytingu var einlífi/hreinlífi talið það lífsform sem Guði væri þóknarlegast. Gófugasta hlutverk kvenna var „hinnar hreinu meyjar“ sem tengdist engum nema Kristi. Marteinn Lúther gagnrýnir þetta viðhorf í grein sinni um hjónabandið árið 1522 (1907:275–304). Hann leggur þar út af Mósebók 1:28 þar sem segir „Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina ...“ á þann veg að Guð hafi skapað mannskepnuna til þess að hún fjölgi sér. Karlinn og konan séu sköpunarverk Guðs og samkvæmt Guðs orði er þeim áskapað að lifa saman og uppfylla jörðina. Samkvæmt skilningi Lúthers hefur Guð sjálfur fyrirskipað hjónabandið, komið eiginmanni og eiginkonu saman til þess að eignast börn og annast þau.²⁷ Í erfiljóði Hálfdanar Rafnssonar um Þóru Jónsdóttur segir: „Pál Gíslason eg þrúðan tel ... hann varð niötandj hennar ... Gud lagdj grundvöll þennann“ (10. er.) og í erfiljóði Þórðar Jónssonar um ömmu sína Katrínu Erlendsdóttur (d. 1693) segir:

²⁷ Í prestahandbókinni *Graduale* 1594 má sjá sömu áherslur í kaflanum um hjónavígsluna (Amgrímur Jónsson 1992:274–75).

Liknarfull Herranz Høndinn riett
hana sijðann innleijddi
i Ecktaskapar Ærustiett
...
hiartanz Ästkiæran Hófdingsmann
henni til maka drottinn fann ... (17. er.)

Í erfiljóði Hannesar Helgasonar um Vigfús Gíslason sýslumann segir:

Öðum jökst blessan bädum
barna audlegd og fiær
untust með ästar dädum
elsku hiön syd og är
tölf ära tijma riettann tiju børn gäfast þeim ... (28. er.)

Börnin eru blessun sem veitist ástrikum hjónum.

Í ritgerð Lúthers kemur það viðhorf einnig fram að hjónabandið tryggði stöðugleika í þjóðfélaginu um leið og það var öruggasta höfn kristinna manna til að forðast ólífnað og frillulífi (sjá líka Ozment 1983:9 og Inga Huld Hákonardóttir 1992:93 o.áfr.). Séra Jón Arason vildi staðfesta ráð sitt betur eftir að hann fékk Vatnsfjörð og gerði það með því að kvongast (9. er.). Guðný Pálsdóttir sem „Af bar j kostum klarum“ giftist „godum prestmanne“ og var honum stoð og stytta, „heimsinz oalldar barum / af hratt með bæn og tarum / fra rijkum ranne“ (7. er.), eins og segir í erfiljóði séra Bjarna Gissurarsonar í Þingmúla um hana.

Í erfiljóðinu er hjónaband oft og iðulega jafnstór þáttur eða jafnmikilvægur og lífsstarf og þegar um konur er að ræða fer lífsstarf og hjónaband oftast saman.²⁸ Í erfiljóði séra Ólafs Jónssonar á Söndum eftir Vigdísi Halldórsdóttur er beinlínis sagt að hún hafi gíft til þess að ala mönnum sínum börn:

Mønnum sijnum hun öl børn eiminn
j hiwskap og sambwd hreijmri
tuø þeim fijrre, enn tolf þeim sejrne
til þess gjipttist vijfid þiaad. (9. er.)

Erfiljóð séra Guðbrands Jónssonar um föður sinn séra Jón Arason í Vatnsfirði (d. 1673) er gott dæmi um hve mikilvægt hjónabandið var fyrir karla. Kvæðið rekur nokkuð æviferil Jóns en nauðsynlegt er prestinum að hafa maddömu sér við hlið og í 10. erindi segir:

²⁸ Guðrún Ása Grímsdóttir (1996:215–47) hefur skrifað góða grein um stöðu prestsmaddömnunnar á 17. öld í ljósi breyttra samfélagshátta eftir siðbreytingu.

Hreppte gipting göða
gätulaust ætta hárri
hier *jnnann* Jsalands
Hölmfríjdur heiter tröða ...

Í 11. erindi er göfugt ætterni Hólmsfríðar rakið en klykkt út með að þau hafi lifað í ástríku hjónabandi: „hiöninn ungu hörmum svípt og þijnum / hiúskap untust einka vel j sijnum“.

Sätu Vatnzfiörd sagdann
sera Jön og Hölmfríjdur,
þar prestsdæme prijsa ried,
lönnum hiúskap lagdann
Lundur Gulls æ þijdur
bljkdade Brüdur med.
Ávøxt lifjs þeim ædstur Drottenn veitte,
einkis göds *hanns* blessan þessum neitte,
hvort vid annad hreina elsku þreitte
og hellst sem sömde hiúskapnum j breitte. (12. er.)

Í erindinu er dregin upp mynd af samhentum prestshjónum sem lifa í elskuríku hjónabandi og njóta velþóknunar Drottins. Það er blessun Guðs að lifa í góðu hjónabandi og veitast „ávöxtur“ lífsins. Í næstu erindum er fjallað um barnalán hjónanna „í helgri stétt“ og alúð þeirra við að „uppmennta“ börnin. Að lokum er í 15. erindi greint frá því hversu lengi þeim auðnaðist að vera saman áður en séra Jón veiktist og dó. Svipuð mynd er í erfiljóði um Pál Guðbrandsson sýslumann (d. 1621):

Vijst man eg ad vestra
vid blindz orda, forðum
runnur og rijkur svannj
rjedu med söma og gledj.
Þad var ä Þijngeirum,
þann man eg dag firir annann,
hiön med vjrdyng væna
vyz, *margur* nam prijsa. (16. er.)

Sýslumannshjónin sitja saman á Þingeyrum í sátt og samlyndi. Hjónabandinu fylgir virðing og gleði; það er til fyrirmyndar í samfélaginu, enda eru þau „prísuð“ af mörgum.

Iðulega er sagt frá því hve lengi hjónabandið varði og að það hafi einkennt af heiðri og guðrækni. „Aren so tölf þaug untust heitt / eins og Guðhræddum bære“ (19. er.) segir í erfiljóðinu um Katrínu Erlendsdóttur eftir Þórð Jónsson og í erfiljóði Hallgríms Péturssonar um Jón bartsкера Sigurðar-

son frá Káranesi segir í 13. erindi (II 1890:158): „fróm ektakvinnan elsku klár / og hann um sjö og þrjátíu’ ár / hjúskap með heiðri héldu“. Hjónabandið er mikilvægt skeið í lífi manna; það er fyrirskipað af Guði og lýtur forsjónar hans og blessunar. Það er jafnáberrandi þáttur í erfiljóðum og umfjöllun um starfsferil hins látna, en um hann verður betur fjallað í kaflanum um dygðir, þar sem aðaláherslan er oftast á því hvernig hinn látni rækti starf sitt.

3.2 Dygðir

Erfiljóð mótast á þeim tíma þegar hugmyndir manna um líf og dauða markast fyrst og fremst af lútherskum rétttrúnaði. Kenningar Marteins Lúthers um sáluhjálp og köllun hins kristna manns hafa mikil áhrif á þá orðræðu sem fram fer innan bókmenntageinarinnar. Um fyrra atriðið verður nánar fjallað í kaflanum um huggun, en hið síðara tengist náíð því þegar rætt er um dygðir hins látna. Samkvæmt kennisetningu Lúthers hefur Guð „kallað“ menn til ákveðinna „stétta“ eða „standa“.²⁹ Stéttimar (stöndin) eru margar og margs kyns, t.d. föður og móður, hjóna, vinnufólks, yfirvalds, presta o.s.frv. Hver stétt hefur ákveðið hlutverk í samfélaginu og hver maður hefur skyldur og ábyrgð gagnvart Guði í samræmi við köllun sína og stéttir (Paul Althaus 1982:36–42). Erfiljóðin fjalla að langmestu leyti um veraldleg og andleg yfirvöld og fjölskyldur þeirra og því miðast dygðir hinna látnu, eins og þær eru settar fram í erfiljóðunum, mest við embættisrækslu og veraldleg umsvif, sem þeir sinna með „guðræknis hreinum sið“, eins og segir í 13. erindi erfiljóðs Hallgríms Péturssonar (II 1890:152) um Árna Oddsson lögmann (d. 1665).

Köllunin kemur greinilega fram í kvæði séra Hallgríms Péturssonar um Jón bartskera Sigurðarson, 14.–15. erindi (II 1890:158):

Bartskera dæmis mjúkleg mennt
mörgum frama var honum lént
Guðs er sú gáfan hreina;
alúð því lagði á það víst,
ómak og kostnað sparði sízt,
svo má þar satt um greina.

Komu því oft til Káraness
kvillaðir menn, og víst mun þess
minst verða lengi víða,
lækninga gaf þeim ljúfleg ráð,

²⁹ Hér ber að athuga að hugtakið „stétt“ í hugmyndafræði siðbreytingarmanna er annað en stéttarhugtak 20. aldar.

lukkaðist vel fyrir drottins náð,
margir síns mistu kvíða.

Hæfileiki Jóns og kunnátta til lækninga kemur frá Guði og hann notar hana til hjálpar náunganum. Páll Guðbrandsson sýslumaður og Þorlákur Skúlason biskup sinntu köllun sinni og stéttarhlutverki einnig á lofsverðan hátt. Um Pál segir:

Styrdj vegsamur vjrdum
vyzlega þar i systlu,
log med ljüfum huga
let ganga, osträngur.
Blydur vid bragna göða
briäladj alldre mälum
ætyd fiegirnd flüdj
frömur vid alla döma. (19. er.)

Og um Þorlák Skúlason biskup segir í kvæði séra Guðmundar Erlendssonar:

Vagnmadur drottinnz var sä hier
virduglegur, það jäta ber,
gudz ordj þuj ham greiddj veg,
gafst honum Näd sü fagurleg,
Bibliu verk, sem best er hennr,
og bækur fleyri gaf wt ä prent. (9. er.)

Páli sýslumanni er hrósað fyrir að reynast undirmönnum sínum vel og stjórna þeim með visku og Þorláki biskupi fyrir að greiða Guðs veg með því að gefa út Biblíuna og aðrar bækur á prent.

Auk guðsótta, þolinmæði í veikindum og ástundan bæna, var umönnun og þjónusta það sem konum var almennt hrósað fyrir. Þær eru lofaðar fyrir að seðja hungur manna, hugga þá og hjúkra þeim. Um Vigdís Halldórsdóttur segir Ólafur á Söndum:

Godfwslega hun suanga sadde
sorgfull hiørttunn jafnann gladde.
Annadist siwka enn kallda klædde,
kvalraadum fann lijkn og näd
...
sundur lijndid suæfde og grædde
og sig fra því ried snijda. (4. er.)

Um Katrínu Erlendsdóttur segir Þórður Jónsson:

Æ hvad sadde hün margann mann
munadarlausa kiætte.

Eckiurnar síjfelld audga Vann
 eflld þá sorginn grætti;
 hijste fátæka hellst það veit
 Hana þreijandi austur sveijt
 hvað margt hün bólld bætte. (35. er.)

Önnur kvenleg dygð fólst í hlutverki eins konar sáttasemjara; að koma á friði og jafnvægi þar sem áður ríkti sundrung og ójafnvægi. „Sundurlyndið svæfa og græða“, eins og segir hér að ofan. Hið sama er sagt um Þórunni Benediktsdóttur, að hún hafi verið „Giörnn til gödz ad snua / giördi nøckur Ränngt“ (10. er.). Um Þórunni er einnig sagt:

Til Grundar Gudhrædd kvinna
 giördi ad vijkia sier,
 vpp j Eyafjörð,
 villdi sídugum sinna
 sueini er dygdir ber ... (15. er.)

Hún flytur til Grundar í þeim tilgangi að annast einn afkomenda sinna. Í áður nefndu erfiljóði séra Guðmundar Erlendssonar eftir móður sína, Margræti Skúladóttur, er mikil áhersla lögð á móðurhlutverkið.

Maklega hiet hün Möder göd,
 mier er það skillt ad jäta,
 ästrijkasta Elsku fliöd
 j allann hellsta mäta,
 bar fyrir sijnumm Børnumm möd ... (13. er.)

Med ordunumm kann eg Alldrej þar
 vmm æfina frá ad skjira,
 huijlijk möder hün ad var
 fyrir hiarta prijdj dýra,
 og huad fyrir oss j Briöste bar,
 bædj systur og hljira ... (14. er.)

Í móðurhlutverkinu felst að bera umhyggju fyrir börnum sínum. Móðurhlutverkið er upphafið; Margræt var þess makleg að bera nafnbótina „móðir“ og svo vel rækti hún það hlutverk að varla er hægt að lýsa því með orðum.

Þá er konum oft hrósað fyrir síðsamlegt líferni í ekkjudómi. Í kvæðinu um Guðnýju Pálsdóttur eftir Bjarna Gissurarson segir: „eckjudom furdu frijdann / frammleidde är og sijdan / med hefð og heidre“ (12. er.). Ekkjur eru ekki lengur í öruggri höfn hjónabandsins undir stjórn ástríks eiginmanns, njótandi leiðsagnar hans. Þær gætu átt það á hættu að láta undan girndum sínum ef þeim er gefinn laus taumurinn. Í erfiljóðinu eftir Vigdís Halldórsdóttur segir Ólafur á Söndum:

Eckiu dom sinn ærlega hieilt,
 ecke gat hana þwinn felt,
 þvi bænækinn með briostid hrellt
 það hun sinn Gud vmm vernd og naad,
 ...
 hafande sier af høndum sellt
 holdds sælgætid blijda. (10. er.)

Í stað eiginmannsins fær Vigdís vernd frá Guði til að forðast freistingar holdsins og lifa hreinlífu ekkjúlífi.

Kunnátta í Guðs orði var mikils metin í erfiljóðum 17. aldar og má nefna t.d. kvæði séra Ólafs Jónssonar³⁰ eftir Helgu Aradóttur (d. 1633): „að hun Gude og orde hanns nadar vnne / og epterfilgde so sem best hun kunne“ (13. er.) og það sem séra Guðmundur Erlendsson í Felli í Sléttuhlíð segir í erfiljóðinu eftir móður sína, Margréti Skúladóttur:

Hün var giædd af gödrj mennt
 j Guddömmz ordumm klárumm
 sem heila[gur] anndj haffdj kiennt
 frá hennar Barndömmz Árumm. (8. er.)

Þessi áhersla á að þekkja Guðs orð er í samræmi við þá skoðun mótmælenda að sérhver trúuð manneskja sé í traustu og persónulegu sambandi við Guð. Það voru hinir liðnu í erfiljóðunum og af því má ráða að þeir hafi verið í hópi réttláttra Guðs barna.

Oft er sagt frá því að strax í æsku hafi maðurinn sýnt þess merki að líferni hans yrði til fyrirmyndar. Um Þóru Jónsdóttur segir í erfiljóði séra Hálfðanar Rafnssonar:

Eyafirde uppalin j
 ejnginn kann seigia nej við þvi
 æskan var allgöd hennar;
 þvi smeckur first sa kemur j ker
 kjnia lengi ylm af þvi ber,
 ætjíd mä ur þvi kenna. (5. er.)

Um Gísla Hákonarson lögmann segir í erfiljóði eftir óþekktan höfund:

Ungur strax hlaut hann Alit mest,
 einn hirdstiöri það feck stadfest

³⁰ Í handritum er kvæðið eignað séra Ólafi Jónssyni. Sennilega er hér um að ræða séra Ólaf Jónsson (um 1590–1661) á Eyri í Skutulsfirði, sem var starfandi prestur í héraðinu á þessum tíma og var síðar á Stað í Súgandafirði.

so þegar sveinsinnz gädj,
kiórþyng ad gaf tilbújd best
og Barninu lucku spaadj (6. er.).

Um Eggert Björnsson sýslumann segir í kvæði eftir óþekktan höfund:

fridsamur, hógvær, hlíjdenn
hann var ä ungdöms tíjd
Ørnæmur, skarpur, ydenn
Ord Drottens læra blíjd. (5. er.)

Einnig er sagt að hegðan hans hafi verið slík frá æsku til elli: 'Svo fram sinn lifnað leiddi / ljúfur til ellidags' (9. er.).

Mönnum er hrósað fyrir lífverni sitt frá æsku til elli (eða dauða) og fyrir hegðun sem byggðist á ákveðnum dygðum. Hegðun og dygðir voru nokkuð mismunandi eftir kynferði og þjóðfélagsstöðu, en þó skyldu menn rækja bænir og sýna guðsótta og þolinmæði, einkum í veikindum. Algengt var að hrósa karlmönnum fyrir hógværð, hugprýði, réttsýni og lítillæti. Í kvæðum séra Guðmundar Erlendssonar um Björn Benediktsson sýslumann (d. 1617) og Þorlák Skúlason biskup (d. 1656) var Björn „ungbarni rett / firir utan prett / äljíkur ad ljítlætj“ (5. er.) og Þorlákur „líjtilätur sem líúfa Barnn“ (11. er.).

Sömu dygða var ekki krafist af öllum, en kærleikur gagnvart náunganum var æðri öllum dygðum. Góðgerðir, eins og að fæða svanga, svala þyrstum og fyrirgefa óvinum sínum, voru merki um að maðurinn byggi yfir kristilegum kærleika og ást til Guðs. Miklu skipti að koma vel fram gagnvart öðrum, svo sem fjölskyldu, undirmönnum, nágrönnum og fátækum. Árni Oddsson lögmaður sýndi mikla mannúð í lifanda lífi, eins og fram kemur í kvæði Hallgríms Péturssonar eftir hann, 14. erindi (II 1890:152):

Hann var heimilismönnum
hógvær og stilltur mest,
góðgjarn næsta nágrönnum,
nauðstöddum reyndist bezt,
ætrækinn, ölmusúsamur
aumum, sem þurftu við,
gestrisinn, fremda framur,
fátækum sýndi líð.

Menn áttu að þjóna bæði Guði og náunganum. Gott dæmi um það er áttunda erindi í kvæðinu um Jón bartschera eftir Hallgrím (II 1890:157):

Frá æskutíð til ellidags
ástundan hans var samaslags

vel reynt vér svoddan sönnum,
að þóknast bæði' og þéna bezt
það hann formátti allra mest
Guði og góðum mönnum.

Eins og áður hefur komið fram eru allflest erfiljóð frá 17. öld um embættismenn, bæði veraldlega og andlega, lögmenn, sýslumenn og presta og um eiginkonur, mæður og dætur þeirra. Á því eru til undantekningar, þótt ekki séu þær margar. Hér hefur verið greint frá kvæðinu um bartskerann Jón Sigurðarson frá Káranesi, en til er einnig erfiljóð eftir vinnumanninn Tómas, sem Ólafur Jónsson á Söndum orti. Að bera hag húsbænda sinna fyrir brjósti og vinna þeim vel er það sem prýðir vinnufólkið, eins og segir í viðlaginu:

Huar mun hægt nú hollann þion ad finna,
gulle betra er gudhrædt hiu
sem gjoerer sitt starf med dygd og trü
og giarnann stundar gagn húsbænda sinna.

Það er Guð sem hefur skapað vinnufólksstéttina: „þad eigum honum ad þacka vær / ad þionustumenn og kuinna / giarnann stunda gagn húsbænda sinna“ (1. er.). Tómas er ennfremur lofaður fyrir trúmennsku, heiðarleika, vinnusemi, hollustu við húsbóndann og ljúfmennsku gagnvart börnunum. Hann er gæddur þeim eiginleikum sem allir húsbændur vildu að prýddu hjú sín.

Lof er bundið þjóðfélagsstöðu manna og kynferði og þeir eru lofaðir bæði fyrir trúarlega og félagslega hegðan. Þannig byggðist lof um hinn látna að verulegu leyti á því að sýna fram á lífern sem væri Guði og mönnum þóknanlegt og öðrum til eftirbreytni.

3.3 *Dauðastundin*

Í erfiljóði Ólafs Jónssonar um Helgu Aradóttur segir m.a. „vmm hennar digder hæfer syst ad þeýa / og huorsu hun for vel ad lifa og deýia“ (1. er.). Ekki var nóg „að lifa vel“, menn þurftu einnig „að deyja vel“. Mjög mikil áhersla er því lögð á dauðastundina og eru nákvæmar lýsingar á henni eitt af einkennum erfiljóða og oft þungamiðja þeirra. Á það að sumu leyti rætur að rekja til þeirra aðferða mælskufraðinnar (þess hluta hennar er varðar lofræður) að taka sérstaklega fyrir eitt atriði úr ævihlaupi einstaklingsins og láta það standa fyrir heildina (Deneef 1973:220–21). Þetta stílbragð mun vera algengt í dönskum líkræðum frá því eftir siðbreytingu og þar er einnig lýsingin á dauðastundinni einkennandi fyrir það (Pade 1987:104). Aftur á móti er áherslan á lýsingu dauðastundarinnar nátengd hugmyndum hins lútherska rétttrúnaðar um sáluhjálp.

Hugmyndir kristinna manna um dauða og ódauðleika hafa verið breytingum undirorpnar gegnum tíðina, eins og rakið er í kenningum franska sagnfræðingsins Philippe Ariès. Hann heldur því fram að á síðmiðöldum fari menn smám saman að líta á dauðann sem framhald lífsins á jörðinni. Síðasta eldraunin, þar sem gott og illt barðist um sálu hins deyjandi manns, vék fyrir þeirri hugmynd að dauðinn væri nálægur allt lífshlaupið og of seint væri að fara að hugsa um hann á andlátsstundinni. Hvernig andlátið bar að gat gefið vísbendingu um hvort maðurinn væri sáluhólpinn eða ekki. Dauðinn varð þess vegna þýðingarmikið augnablik, mælikvarði á guðrækni einstaklingsins frá vöggu til grafar (Ariès 1981:109, 300–301, sjá einnig Stein 1986:13–16). Listin að deyja, *ars moriendi*, var efni í bækur sem áttu að kenna mönnum að búa sig undir dauðann. Guðbrandur Þorláksson biskup þýddi eitt slíkt rit á íslensku og gaf út árið 1611. Það var ritið *Manuale. Þad er Handbókar korn/Huðrnnenn Madur eige ad lifa Christelega og Deya Gudlega* eftir Þjóðverjann Martin Moller.³¹ Í formála bókarinnar segir að hið mikilvægasta sem kristinn maður eigi að læra af Guðs orði felist í tveimur greinum, sem eru „að lifa guðrækilega“ og „að deyja kristilega“. Sjá má enduróm af þeim hugmyndum sem settar eru fram í þessu riti í erfiljóðum 17. aldar.

Þýski guðfræðingurinn, Helmut Thielicke, hefur lýst hugmynd Lúthers um samband lífs og dauða svo:

Þar sem dauðinn er dómur Guðs um líf okkar, þá endurspeglar hann allt lífið sem er undanfari dauðans. Dauðinn er ekki endir lífsins heldur vitnisburður um það (Thielicke 1983:136; þýðing mín).

Þetta viðhorf leynir sér ekki í erfiljóði séra Hálfðanar Rafnsónar á Undornfelli, sem hann orti eftir Þóru Jónsdóttur:

Farsæll er eþnginn firrj mann
enn fær äfgänginn Gudlegann
þö allann heimjnn eigi,
þvi mä ej dæma um mannjnn firr,
mikjnn þö hafi lucku byr,
enn mætir daudadege. (1. er.)

Mikið valt því á að fá hægt og sáluhjálparlegt andlát, eða sofna vel í Guði, eins og segir í kvæðinu. Þá sannaðist endanlega hvort maðurinn væri sálu-

³¹ Margrét Eggertsdóttir hefur fjallað um þetta rit (1996:150–154). Það kom fyrst út árið 1611, en var endurútféið 1645, 1661, 1711 og 1753.

hólpinn, en eitt mikilvægasta markmið erfiljóðanna er að sýna þeim sem eftir lifa fram á að hinn látni sé kominn á öruggan stað hjá Kristi í Paradís.

Í erfiljóði séra Guðmundar Erlendssonar um Björn Benediktsson taka lýsingar á veikindum og dauðastríði Björns yfir 11 af 26 erindum kvæðisins. Skýrt er frá veikindum Björns í þremur erindum, en þá fer skáldið að lýsa sjálfu andlátinu:

Mæddur j hvíld sier halladj
herrann Jesum ákalladj
sig bad j svefni geima,
og sijnum víjst
hann villdi sijst
veikum þienara gleima.

Lengi nætur so ludist hann
ljkama stirk sier horfjnn fann
mællti so morgu sinnj:
fagurt eg bid
füz taktu vjd
frelsarjnn øndu mjnne.

Fader mjnn, sæll i fadminn þinn
fel eg og gef upp anda minn,
geim þu hann, göði herra,
j eilijfum frjd
audmiükt eg bid
ej lát hann sælu þverra. (12.–14. er.)

Hinn deyjandi maður veit allan tímann hvað er að gerast, hann er lúinn og líkamsstyrkurinn horfinn. Hann ákallar því Jesú, biður hann að geyma sig í svefninum, taka við öndu sinni og að lokum tekur hann sér orð Krists í munn: „Faðir minn sæll í faðminn þinn / fel ég og gef upp anda minn.“ Á yfirborðinu má lesa út úr þessum þætti bæn-rækni mannsins og trúarstyrk en undir niðri býr efinn, sem birtist í því hve sterk áhersla er lögð á guðrækilegan dauða hans. Ekki þótti hæfa að menn væru of vissir um sáluhjálp sína. Samkvæmt skoðunum Lúthers stafar kæruleysi gagnvart dauðanum af óvirðingu eða fávísu öryggi. Maðurinn á ekki að upphefja sig yfir dauðann sjálfan, heldur gefa sig honum á vald í auðmýkt (Thielicke 1983:136–37). Það er Björn látinn gera í kvæðinu og sýnir þeim sem það lesa að þeir þurfi ekki að efast um sáluhjálp hans.

Prisvar sinnum med liüfri lund
lesa giordi ä þeiri stund
Fadir vor, Bæn þä bestu;

ljíf króftugt mál
hannz saddi saal,
 signud ord hugann hrestu.

Hann bad velkomna hvíldarstund,
 heppinn qvad sig ä marga lund
 hiervist nær hefðj unnjd;
 ljnnti so mäl,
 lausn fagnar säi,
 lijfz glaz var þa sem runnjd. (15.–16. er.)

Að loknu stighækkandi ákalli mannsins til Drottins er eins og honum hægist í lund. Hann biður Faðirvorið þrisvar sinnum, hugurinn hressist við það og hann býður hvíldarstundina velkomna. Lífsglasíð er senn útrunnið, hinn deyjandi maður hafði verið heppinn í lífinu og deyr saddur lífdaga. Hápunktur kaflans um dauðastundina er næsta erindi, sem er lýsing sjálfs andlátsins:

Hóf upp augu og hendurnar
 helg Trúarmerkj ä sier bar,
 lausn vænti líkamzbanda;
 gláður lijfz i von
 Gudz fyrir son
 gaf upp sinn mæddann Anda. (17. er.)

Upphafslína erindisins, „Hóf upp augu og hendurnar“, er myndræn og rismikil, síðasta ákall hins deyjandi manns. „Lios þins líkama er þitt auga“ segir í Matteusarguðspjalli (*Hid nya testament* 1540:6:22) enda eru augun ásamt höndunum þeir líkamshlutar sem við tengjum bænahaldi kristinna manna. Menn hefja upp augu sín, fórna höndum til himins og spenna greipar. Myndin sýnir jafnframt fullkomnun dauðastundarinnar, maðurinn gefur gláður upp anda sinn í voninni um eilíft líf. Er ekki laust við að helgiblær hvíli yfir lýsingunni. Niðurlag dauðasenunnar fæst svo í næstu tveimur erindum, þar sem lesendum er sagt að Björn hafi hlotið „arf hinnar æðstu kórónu“.

Í erfiljóði Þórðar Jónssonar eftir Katrínu Erlendsdóttur er lýsing á veikindum hennar og dauðastundinni einnig rúmfrek. Í 37. erindi segir ljóðmælandi að honum sé skylt að greina frá endalokum ævi Katrínar:

Þegar nälgedest hennar Hier
 harma lijfdaga Ender,
 tók hana drottinn trúr ad sier
 teikn daudanz undann sendi,
 þungum veikleika þiädi med,
 þolennmood tijdum stinia Ried
 under gudz ästar hendi. (38. er.)

Drottinn sýnir velþóknun sína á Katrínu með því að senda teikn á undan dauðanum. Slíkir fyrirboðar koma nokkuð oft fyrir í erfiljóðum og má túlka sem enn eina vísbendinguna um að hinn framliðni sé í hópi útvalinna. Í erfiljóðinu um Vigfús Gíslason sýslumann segir t.d. 'burtferðar boðan sæla / birti sér komna að' (38. er.) og í erfiljóði eftir Hallgrím Halldórsson lögréttumann, sem séra Jón Eyjólfsson á Gilsbakka hefur ort, segir 'vita kvaðst víst án efa / vildi dauðinn sinn fund' (15. er.). Á þennan sama hátt veit Katrín Erlendsdóttir að dauðastundin er á næsta leiti og hún fagnar henni:

Merkti hún þá ad munde Senn
mædu hvíjlld kominn Vera,
kiendan hiälprædis kaleijkenn
kät ried til munns sier bera,
fagnandi breijddi fadm ä möt
frelsara sijn med kiærleikz hoot,
sä kinni sætt allt gióra. (39. er.)

Dauðinn er hvíld frá mæðusömu lífi og Katrín breiðir fagnandi faðminn á móti frelsaranum. Bendir þessi lýsing til þess að hún sé hólpin. Næsta erindi á eftir ítrekar það enn frekar:

Pirste til drottinz säl til sanns
signad hanz bordhalld þädi,
sunnudag ärla sætleikanz
svaladrick þessum nadi,
heýtar bæner med hiartanz tár
hefia til drottinz trüarklär,
inn til sijnz andlätz gäde. (40. er.)

Sál Katrínar þyrstir til Drottins og bænæræki hennar og hegðan á dauðadægri gefur til kynna að hún muni lenda í náðarfaðmi hans. Það hefur einnig þótt merki um að hinn látni væri hólpinn þegar hann dó á helgidegi.

Lýsingin á andláti Katrínar heldur áfram í næstu tveimur erindum erfiljóðsins:

Augum til drottins lijtelät
liffte med soddann rædu:
af mun Gud þerra allann grät
effter heijmz länga mædu,
Vatnzstraumar Jesu vokva þar
vel mijna säl til Eilijfdar,
gledst eg af soddann giædum. (41. er.)

Hér koma augun aftur við sögu, sem tengjast bæninni og auðmýktinni; Katrín lyftir augum sínum til Guðs með lítillæti en um leið fullviss um sáluhjálp

sína. Guð mun lina þjáningar hennar eftir langa veru í mæðusamri jarðvistinni og blóð Jesú vökva sál hennar til eilífðar.

Að lokum eru lesendur endanlega fullvissaðir um að Katrín sé hjá Kristi:

Liömar nú firer lambsinz stool
leist af hórmungu sinni,
fegri enn himinz frijdust sool
fagnar i eilijfdinni,
hennar näunga harmandi,
hugga mä það þö skilinn sie,
ad hana afftur finne. (43. er.)

Í erindunum á undan er lýst hegðun Katrínar á dauðastundinni og greint frá orðum hennar en hér er eins konar niðurlag. Ljóðmælandi er, rétt eins og Katrín sjálf, viss um afdrif sálar hennar. Hún 'ljómar nú fyrir lambsins stól' og 'fagnar í eilífðinni'.

Lýsing á veikindum, dauða og inngöngu í eilíft líf tekur um það bil helming af áður nefndu erfiljóði um Gísla Hákonarson lögmann eftir óþekktan höfund. Áður en hún hefst er farið almennum orðum um dauðann og sagt að enginn komist hjá því að bergja af „morðbikar dauðans“ og ekki heldur Gísli, 'komst hann og þar frá ekki' (21. er.). En áður en að því kom 'fékk hann langæðan heilsubrest / einkum óstyrk til fóta' (22. er.). Þá er sagt frá því að Gísli hafi farið til útfarar Odds biskups (23. er.) en á leiðinni heim fær hann fyrirboða um dauða sinn, „sagði þeim og að sitt lífs skeið / svo sem burtliðið mundi“ (24. er.). Það hefur einnig þótt bera vott um velþóknun Guðs að Gísli skyldi fá fyrirboða á leið heim frá útför biskupsins.

Í næstu erindum erfiljóðsins er fjallað um veikindi Gísla, hegðun hans í veikindunum og viðhorf til dauðans.

Hættileg þjányng þar uppfrä
þvijngadj hann, so firir sä,
lijf mætti lidid kalla,
Gudj i valld ad glejmdrj þraa
gaf sig og ästmenn alla.

Daglega öx hannz dapra mejn,
drottinn því bad ä marga grejn
sætlega sier ad vægja,
jnn i lejrhvijlu lejda bein
enn lijfi og sälu hægja. (25.–26. er.)

Gísli gefur sig á vald Guði og biður hann um að líkna sálu sinni. Hér birtist sú hugmynd að líkaminn hvíli í moldinni eftir dauðann og bíði upprisunnar á meðan sálin dvelji í himnaríki meðal útvalinna.

Nú dregur að endalokum jarðlífsins og Gísli tjáir sig saddan lífdaga og fúsan heimferðar (27. er.). Í þessu erindi er þess ennfremur getið að hann hafi þegið sakramenti og syndaaflausn og í næstu fjórum erindum er fjallað um undirbúning Gísla undir andlátíð. Hann finnur til ritningargrein fyrir prestinn að leggja út af „þá lægi sitt hold andvana“ (28. er.) og sjálfur studdist hann í veikindum sínum við orð 16. Davíðssálms sem hann kunni utan að (30. er.). Sonur hans hafði fyrir honum bænir sem gladdi hann (31. er.). Hin mikla áhersla erfiljóðsins á guðrækilegan undirbúning Gísla undir andlátíð, og von hans um að Guð bænheyri sig, er vísbending um að hann sé hólpinn. Í 34. og 35. erindi er dregin upp mynd af dauðastundinni sjálfri.

Hienadj lijf enn lægdj mátt,
lidjn hiervist, *hamn* mælltj þrátt,
utan angur og kvijda,
þo dvol su færíst fram*m* ä natt
fra því til morgunz sijdan.

J huggun slijkrj vid helstrijd sitt
hiartad og øndjn giordist kvitt
af *ejndum* allra handa,
gladdist og vard j Gude fridt
gaf *hamn* so upp sinn anda. (34.–35. er.)

Lífið fjarar út smám saman en Gísli er „utan angur og kvíða“ og í helstríðinu gleðst hann og gefur upp anda sinn í Guði. Öll lýsingin á aðdraganda og dauðastríði Gísla sýnir að hann er guðhræddur og ber þess merki að vera útvalinn af Guði til vistar í himnaríki. Ljóðmælandinn telur það skýlaust og segir í 36. erindi:

So er j Drottni falljnn frä
med fedrum sijnum herra sä
a sorgum ried sigur vinna,
gledjunst vier megum Gudj hiaa
Gysla þann afftur fjnna.

Byggingin minnir á erfiljóð Guðmundar Erlendssonar um Björn Benedikts-son sem fjallað var um hér að framan. Nokkuð nákvæm mynd er dregin upp af dauðastundinni eftir langan aðdraganda og niðurlag fæst með því að ljóðmælandi áréttar að þannig hafi hinn látni farið.

Dauðastundin er ekki alltaf jafnfyrirferðarmikill þáttur í erfiljóðunum og í þessum kvæðum. Lýsing á henni er þó oftast til staðar og af því má merkja að andlátsstundin hafi verið mjög mikilvægur atburður í lífi sautjándu aldar manna og ákvarðandi fyrir það sem gerðist fyrir og eftir dauðann.

4. Sorg og huggun

Samkvæmt handbókum þeim um skáldskaparlist sem greint var frá hér að framan getur sorgarþátturinn birst á ýmsa vegu í ljóðmælum sem ort eru eftir látna menn. Í íslensku erfiljóðunum er algengt að lýsa fallvaltleika og eynd jarðneska lífsins, oftast í upphafi kvæðis, til að vekja sorgartilfinningu með lesendum. Erfiljóð séra Bjarna Gissurarsonar um Björn Einarsson (d. 167?)³² hefst á sorgarþætti sem nær yfir fyrstu fjögur erindin. Þar er lögð áhersla á fallvalta tilveru mannsins. Maðurinn er sem 'Blómgandi gras á foldu frítt' er 'eyðist og fellur á augnabliki', hann er 'þakinn þjáningum nauða' í hérvistinni, og á það jafnt við um 'kónga og þegna'. Seinast kemur dauðinn og sækir hann, en gegn dauðanum duga engin ráð (4. er.). Nokkru síðar í kvæðinu (9. er.) birtist sorgin á ný og aftur er það dauðinn (stormur dauðans) sem kemur óforvarandis og veldur henni með því að hrifsa til sín hinn fagra lund (þ.e. Björn). Í erfiljóði Páls Vídalíns um Þorleif Gíslason frá Hlíðarenda nær sorgarþátturinn yfir fyrstu 14 erindin og er þar, eins og í kvæðinu um Björn Einarsson, lögð áhersla á eymdarfulla tilveru mannsins á jörðinni og hverfulleika lífsins. Inntak sorgarþáttarins í þessum tveimur kvæðum er sú hugmynd sem felst í hugtakiinu „memento mori“, að menn skuli minnast dauðans, sem geti komið þegar minnst varir (sjá einnig umfjöllun um dauðastundina hér að framan).

Erfiljóð um Eggert Björnsson eftir séra Jón Ólafsson á Lambavatni hefst á hugleiðingu um að á skiptist skin og skúrir í tilverunni en í áttunda erindi snýr ljóðmælandi sér að því áfalli sem nýlega hefur dunið yfir:

Þessu mále eg þar ad snij
þung hrigdarnött og sorginn nij
yfer oss auma dröst,
sem eikur morgum angurs þiöst
enn fleyrumm verdur sijdar liöst.

Liös vorrar lijkams siönar svipt,
sär sorg og burt var frá oss svipt,
myrkt sijnest mier nu margt,
so sem epter söl skjín biart
Sölena birger skyed svart.

Eg meina hier med heimfor þess
hvors nafn birtest utkrefur vess
þö hreife upp hrigderna,

³² Síðasti stafurinn í dánarári Björns hefur trosnað af handritinu. Af kvæðinu er greinilegt að um ungan mann er að ræða.

Æruprydds Eggerts Björns Sonar
ætíjd blessadrar Minnjingar. (8.–10. er.)

Burtför hins látna frá „oss“ er hörmuð og ljóðmælanda sýnist nú myrkt af því að Eggert er horfinn. Eftir lát Eggerts liggur nótt hryggðarinnar yfir „oss“ og skýin byrgja sólina. Lesanda hefur þó verið sagt áður að þetta sé aðeins tíma-bundið og eðlilegt ferli lífsins. ‘Sól eftir skúrir skín’ (7. er.) og ‘allt hvað á nóttu felst og frýs / fagnandi lifnar við og rís’ (5. er.). Það er huggun að líf og dauði skiptist á, að tilveran sé undirorpin stöðugri og eilífri hringrás. Þannig sættir maðurinn sig við óumflýjanleg endalok lífsins, þ.e.a.s. með því að gera þau að inngöngu til eilífs lífs. Náttúrulíkingin, sól/gleði — Eggert hér, myrkur/sorg — Eggert horfinn, er tekin upp aftur í 33. erindi, ský dregur frá sólu og hinn látni er nú í himnaríki.

Söknuður eftir Eggert er mikill eins og kemur fram aftur seinna í kvæðinu. Margir syrgja hann, en þeir syrgja sýslumanninn fremur en manninn sjálfan:

Bardastranda mä Sijsla särt,
sitt því að miste forsvar klärt,
sijta með sorgarlät,
og bidja aptur Gud með grät
giefa þann halde riätt og mät.

Sveiternar bädar sudur og hier
Sands Rauda lydur hvad ber þier,
ei muntu skylia enn,
Gud hvad þier gaf, og svipte senn,
Sorga mättu so heyre það menn.

Hvad kiennemenn þess kiæra manns
kløckver af sut meiga sakna hanns,
Abdias annar var,
vitna það hanns velgiörðnijngar
sem vara munu än endijngar. (29.–31. er.)

Íbúar Barðastrandarsýslu misstu forsvar sitt við lát Eggerts og þeir sakna embættisrækslu hans og velgjörninga. Sorgin er almenn og beinist að þeim skaða sem samfélagið hefur orðið fyrir við fráfall Eggerts en ekki að missi eftirþreyjandi ástvina. Enda kemur í ljós að hægt er að fylla í skarðið: ‘og biðja aftur Guð með grát / gefa þann haldi rétt og mát.’ Þetta sýnir enn betur að hér er ekki verið að syrgja á persónulegan hátt lát ákveðins einstaklings, heldur er verið að draga upp sameiginlega sorg sýslunnar.

Sömu viðhorf má einnig sjá í kvæði séra Guðmundar Erlendssonar eftir

Þorlák Skúlason biskup. Það hefst á harmakveini: „Auvij, Auvij, vort auma land / ad þui nú sækir hrygda *grannd* ... þar ed vor drottinn til sijn tök / Þorlák Biskup, sem prijz þuj jök.“ Landið líður fyrir missi biskupsins og þjóðin harmar: „Auvij, oss hittj sorginn sár“ (2. er.), „Opt mä þad hrýggia oss med sann / ad vær lietumm so dijran man“ (3. er.). Einnig hér, eins og í erfiljóði Eggerts Björnssonar, er Guð beðinn um að bæta mannskaðann og gefa þjóðinni nýjan yfirmann: „komj Nü gud med göðann man / og giefi oss fyrir þennann“ (15. er.). Þorlákur er í kvæðinu sameign landsmanna; þeir missa framúrskarandi embættismann við burtför hans. Sál Þorláks Skúlasonar er komin til himnaríkis en biskupinn er hægt að endurheimta í öðrum einstaklingi.

Eðlilegt er að láta í ljósi sorg og söknuð í kvæði sem ort er eftir látinn mann. Eitt af markmiðum kvæðagreinarinnar er þó að fá þá sem eftir lifa til þess að hætta að syrgja og sætta sig við missinn. Það er gert með ýmsum hætti í erfiljóðum 17. aldar. Mörg huggunarþemu sem í þeim finnast eru ættuð frá hinum klassísku mælskufræðingum, en hafa þó á sér kristilegt yfirbragð. Hér er um að ræða atriði eins og: Hann er ekki dáinn í raun og veru; dauðinn er óumflýjanlegur; hann hlaut góðan dauðdaga; lífið er lán, dauðinn er skuld; hinir góðu deyja ungir; hann var of góður fyrir okkur; hann dó vegna synda okkar (sjá t.d. Bennett 1954:116 o.áfr.).

Í erfiljóði séra Hallgríms Péturssonar um Árna Oddsson lögmann, 2.–3. erindi, sést hugmyndin um að dauðinn sé óumflýjanlegur; allir eigi einhvern tíma að deyja (II 1890:149):

Dauðinn er dapurlegur ...
víst því að ævin þver,
hann ganga herrar, sveinar,
höfðingjar, almúgenn,
kvinnur sem meyjar klénar,
kóngar sem undirmenn.

Þó verði þann veginn þröngva
víkja Guðs börnin trú,
þau hræðast hættu öngva,
huggun þeirra er sú:
heljar brodd braut og eyddi
beiskleik öllum dauðans
Jesús, og lýð sinn leiddi
til lífsins úr valdi hans.

Menn eiga þó ekki að hræðast dauðann, „Hvorki þarf hel né dauða / hræðast rétttrúuð önd“ (4. er.), því að Jesú bjargar þeim frá honum.

Friðþægingarkenningin er einn algengasti efnisþáttur kvæðanna — mað-

urinn öðlast ekki sáluhjálp fyrir eigin tilverknað eða verðleika, heldur einungis fyrir Guðs náð og trú á fórnardauða Krists, eða eins og segir í orðum Páls í Rómverjabréfi 1:17, sem hljóma þannig í þýðingu Odds Gottskálkssonar (1540):

af því að þar opinberast inni það réttlæti sem Guðs er, hvert að kemur út af trúnni í trúna, svo sem skrifað er, *það réttlátur muni af sinni trú lifa* (skáletrun mín).³³

Þetta kristallast í erfiljóði séra Hallgríms Péturssonar um Jón bartsкера Sigurðarson, 1.–2. erindi (II 1890:155):

réttlátir munu svo sem sól,
sú eð uppljómar veraldar ból,
skært í Guðs ríki skína.

Réttlátir eru efalaust
allir sem setja von og traust
á Jesúm Krist alleina,
því hans úthelta blessað blóð
burt hreinsar þeirra synda móð,
orð Guðs sem glögt um greina.

Á þetta atriði er mikil áhersla lögð í erfiljóðum frá 17. öld og er mjög algengt stílbragð að nota ýmsar umritanir fyrir blóð Krists sem tákni friðþægingarinnar.

Í erfiljóði Páls Vídalíns lögmanns eftir Þorleif Gíslason frá Hlíðarenda, sem andaðist þegar hann var á 19. ári, er sagt að Guð hafi tekið hann til sín svo að hann losnaði við þann mótgang og þá mæðu sem fylgir lífinu á jörðinni: „so hann ei skyllde mæðast meir / af mötginge nie krossburðar reyr“ (37. er.). Mennirnir þjást í jarðvistinni og því ber það vitni um elsku Guðs þegar þeir losna undan þeirri þjáningu og komast í eilífa sælu himnaríkis. Þetta er algengt minni í erfiljóðum sem ort voru eftir ungar manneskjur. Í ljóði sem séra Jón Arason í Vatnsfirði orti eftir Daða og Ragnheiði Eggertsbörn (d. 1664) „Huor Gud kallade til sinna nada aa Skarde a Skardsströnd“ segir:

Gude hafa þau gediast
og giæsku hanns, þeira æska,
bráðlega hefur þui hiedann

³³ Kenningar Lúthers varðandi sáluhjálp er aðallega að finna í *Um frelsi kristins manns* frá 1520 (1897:20–38) og *Um hinn þrælbundna vilja* frá 1525 (1908:600–787). Hér er einnig stuðst við túlkanir ýmissa fræðimanna á kenningum Lúthers, t.a.m. Hans J. Hillerbrand (1973); Harold J. Grimm (1973); Geoffrey W. Bromiley (1978:210–13, 229–31, 242–45).

til hallar sinnar kallad,
fundinn ad færre syndum
og felld, enn menn eru elldre,
vestna af veralldar löstum
villde hann þaug eige skylldu. (2. er.)

Daði og Ragnheiður nutu svo mikillar velþóknunar Guðs að hann kallaði þau til sín á unga aldri til þess að syndir þeirra ykjust ekki af löstum veraldar.

Algengt er í erfiljóðum að segja syrgjendum að gleðjast því að ástvinurinn sé nú laus við armæðu þessa heims og farinn til himnaríkis, þar sem hann dvelji með Kristi. Í erfiljóði Bjarna Gissurarsonar eftir Björn Einarsson eru foreldrar Björns áminntir um að gleðjast:

Gledia skal þau med gude það
gjeck nu yfer vmm sorgar vad
gott barnid *gudz* og þeirra ... (15. er.)

Menn skulu láta huggast af þeirri vissu að ástvinurinn sé kominn til Paradísar og að þeir eigi eftir að hitta hann þar síðar. Í erfiljóði Bjarna Gissurarsonar eftir Guðnýju Pálsdóttur kemur söknuður fram í 14. erindi: „Eg liet vinkonu væna / sem vard ad deya ... vpp skal þui augum mæna / j landid himingræna / og þanninn þreya.“ Ljóðmælandi hefur misst vinkonu sína. Hann saknar hennar en veit að eina ráðið til að „þreyja“ er að hugsa um himnaríki. Huggunin felst svo í því að Guðný sé nú þar.

Annað dæmi er erfiljóð séra Guðbrands Jónssonar eftir föður sinn, Jón Arason í Vatnsfirði:

Soddann sanna meigum
sütgistande kvister
Mödur ästkærre med.
Elskhuga vier eigum
eptersiä mióg tvister
hafna heime ried. ...

Glediest Möder göda
Gud hefur Eckta maka
ýdar ad annast nu.
Børnum hann mun biöda
Blessan sijna staka,
ýckar, það er mijn trü.
Og siälfa ýdur sier ä arm uppvefia
siita jelid ei þä nær kefia
nær alldur þrijtur ei mun hann vid tefia,
oss j dijrd til ästvinanna hefia. (2.–3. er.)

Þetta er algengasta form huggunar í erfiljóðum. Syrgjendur eiga að gleðjast yfir því að hinn burtfarni sé nú hjá Guði og trúa því að þar muni þeir sjá hann aftur.

Enn önnur huggunaratriði, sem koma fyrir í 17. aldar erfiljóðum, eru að dauðinn sé vilji Guðs, „*vilia Gudz ad megna ä mötj / madur kann einnginn jördu ä*“ (27. er.) segir í erfiljóði Guðmundar Erlendssonar um Ólaf Jónsson klausturhaldara á Möðruvöllum. Einnig að heimurinn sé vondur og lífið mæðusamt og því sé sá heppinn sem fái að deyja og fara til himna, eins og segir í erfiljóðinu um Björn Benediktsson eftir séra Guðmund Erlendsson:

Heimur med ergi elldist frekt
athæfi *hamz* er furdulegt,
ejddur er allra dæda;
heppinn æ er
sa hiedan fer
himnarijkis til næda. (25. er.)

Þó að hér hafi verið fjallað sérstaklega um hvern hinna þriggja þátta erfiljóða, lof, sorg og huggun, eru þeir yfirleitt ekki skýrt afmarkaðir í einstökum kvæðum. Oft fléttast þeir saman á ýmsa vegu og einnig má segja að þeir geti á margan hátt staðið hver fyrir annan. Þannig getur lof vakið sorgartilfinningu, menn hljóta að sakna manns sem hafði verið svo dygðum prýddur. Einnig má líta á lofið sem huggun fyrir ástvini hins látna; fyrirmyndarmaðurinn er að öllum líkindum hólpinn. Góður dauðdagi getur sömuleiðis haft tvenns konar merkingu. Hann merkir annars vegar að hinn látni hafi verið góður maður og guðhræddur (lof) og hins vegar að hann sé hólpinn (huggun). Aðferðin er fengin úr ritum húmanista um skáldskaparfræði frá 16. og 17. öld, sem eiga sér rætur í klassískum bókmenntum Grikkja og Rómverja, en hugmyndafræðin og niðurstaðan er kristin.

5. Bæn fyrir hinum sem eftir lifa

Hvatning ('*exhortatio*') til ástvina hins látna, eða annarra sem kvæðið læsu, um að taka hann sér til fyrirmyndar, er stundum sett fram í íslenskum erfiljóðum 17. aldar. Í erfiljóði Bjarna Gissurarsonar um Guðnýju Pálsdóttur segir t.d.: „*Jhuge bornin blijdu / burtfarinz Suanna / hennar a huorja sijdu / höpin dygdanna / halldid þeim ferle frijdum ...*“ (19. er.). Um Björn Einarsson segir sami höfundur: „*Late siskyn þess liufa mannz / lofflegar jafnan dygder hanz / hja sier hugstædar vera ...*“ (16. er.). Séra Jón Arason í Vatnsfirði segir í kvæði um Ragnheiði Eggertsdóttur, ömmu sína: „*Vær sem epter erumm ...*

betrumm lifnad ljötann / lätumm oss sijnder gräta ...“ (18. er.). Miklu oftar er hvatningin þó í formi bænar til Guðs fyrir foreldrum, börnum, systkinum eða eftirlifandi maka, og stundum reyndar einnig fyrir ljóðmælanda sjálfum. Með bæn eru menn hvattir til að íhuga eigin dauða og undirbúa hann. Í handbókum presta frá 16. og 17. öld er mikil áhersla lögð á þetta atriði þegar rætt er um jarðarfari. Þannig segir í *Graduale* (1594): „Þa Lijk kemur til Kirkiu þa sie jnnborid epter veniu. Og sie hringt, ei fyrer hinum Dauda, helldur ad vppvekia þa enu lifondu.“³⁴ Jarðarförin var áminning um eigin dauða þeirra sem fylgdu hinum látna til grafar. Í stað fyrirbæna fyrir hinum látnu í erfiljóðunum kemur þá bæn fyrir þeim sem eftir lifa, enda hafði aðalboðskapur siðbreytingarmanna verið sá að hinn kristni maður öðlaðist ekki sáluhjálþ nema fyrir trúna eina saman. Fyrirbæni fyrir látnum og sálumessur lögðust því af meðal lútherstrúarmanna.³⁵ Afar algengt er í íslenskum erfiljóðum að slík bæn sé í kvæðislok. Síðustu tvö erindi erfiljóðs séra Hálfðanar Rafnssonar um Þóru Jónsdóttur hljóma þannig:

Lättu oss, Drottjnn, lifa sem ber
og lenda so j dyrd hiä þier,
oss styr þu ollum saman,
ad hier þä þrytur harmavist
hreppa mættum firir Jesum christ
Eilijft lijf med þier, Amen.

Amen, Amen, Gud gefi það
ad giætum þessu dæmj näd
og Blessadra Gudz barna,
siä til Drottjnn eg sofni hægt
af sälu mjnj gröm sie fægt,
Amen, það þigg eg giarna. (31.–32. er.)

Bænin er í fyrstu fyrir ástvinum Þóru, og mönnum almennt, að þeir ástundi gott líferni og hreppi eilíft líf. Hún verður síðan sértækari, ljóðmælandi biður um hjálþ í fyrstu persónu eintölu og með ákveðnari tilmælum til Drottins: ‘sjä til Drottinn ég sofni hægt.’ Bænin verður því persónulegri í síðasta hlutanum

³⁴ Tekið úr riti Arngríms Jónssonar, *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót* (1992:276).

³⁵ Viðhorf Guðbrands biskups Þorlákssonar fer ekki á milli mála í Prestastefnusamþykkt hans frá 1579: „fyrirbón fyrir framliðnum burt rekin úr handbókum“. *Alþingisbækur Íslands I* (1912–1914:402). Svipað má lesa í kláusu um kirkjugarða í íslenskri þýðingu á Vísitazubók Péturs Palladíasar Sjálandsbiskups, sem Magnús Már Lárusson (1967:11–12) eignar Ólafi biskupi Hjaltasyni (d. 1569):

Þar eru menn áminntir um að hirða vel um kirkjugarða, svo að fólk hafi lyst um garðinn að ganga með réttri minningu og siðsemd og til leiða sinna foreldra, ekki til að biðja fyrir þeim, guð sé lofaður ... heldur að þú hugleiðir hjá þeirra leiðum að þú skalt og líka deyja.

og veldur ákallið, endurtekningin í upphafslínu síðasta erindisins, þeim hughrifum að nálgast geðshræringu: „Amen, Amen, Guð gefi það.“ Síðasta ljóðlína kvæðisins, „Amen, það þigg ég gjarna“, lægir öldurnar og tjáir auðmýkt ljóðmælanda gagnvart ákvörðun Guðs.

Hinn framliðni þarfnast ekki bæna vina og vandamanna. Þeir eru sannfærðir (eða eiga a.m.k. að vera það) um afdrif sálar hans: „Nú lifer í lifande manna / loflegu Bindine / komenn i sælu sanna / Saal hans fraa eymdinne“ (21. er.) segir í erfiljóði séra Jóns Eyjólfssonar eftir Hallgrím Halldórsson lög-réttumann, og næsta erindi á eftir endar þannig: „góða ró haunum nú gefur / Gud um allar allder“ (22. er.). Þá kemur heillaósk til ástvinanna og Guð er beðinn um að leiða þá gegnum lífið og opna fyrir þeim dyr himnaríkis. Í síðustu þremur erindum kvæðisins kveður við annan tón og persónulegri, skáldið snýr sér að umhugsun um eigið líf og dauða:

Være skyllt mier ad minnaz
mitt líf ad skammvinnt er
daglega dæmin finnaz
daudinn ei feilar sier,
huggun þaa hef eg eina
hlýtur mín Saal lífs grid,
míns Jesu Høndin hreina
henne þaa tekur vid. (24. er.)

Kvæðið er, eins og fyrirsögn bendir til, um „kristilega burtför af þessum heimi og gleðilega innleiðslu til himneskrar dýrðar sælu þess æruverðuga, göfuga og velvísa höfðingsmanns“ en hér brýst fram ótti mannsins við eigin dauða, sem ætíð býr undir niðri. Dauðinn er alltaf nálægur og getur slegið „mitt líf“ hvenær sem er. Eina huggunin er sú vissa að Jesú taki við sálinni.

Mann þann maa sælann segia
soddann fær tignarveg
í drottne naaer ad deya,
daglega því bid eg:
í þier mig lifa lýster
lífs þaa dvín hiervistin,
unn mier O, Jesu Christe,
í þier deya, Amen. (25. er.)

Sá er sæll sem deyr í Drottni — þannig vill ljóðmælandi deyja því að hann langar að lifa í Kristi eftir að hérvistinni lýkur. Hann ávarpar Jesú beint og biður um að fá að deyja í honum. Bænarávarpið verður innilegra og áhrifa-meira með því að sagnliður setningarinnar, unn mér, kemur á undan frumlaginu og leggur sérstaka áherslu á bænina og einnig vegna upphrópunarinnar:

Amen, eg aptur inne
 O! Jesu, Herra kiær,
 gief þú eg glede finne
 þaa gengur mier daudinn nær;
 Ønd mín þaa enn þig þrise
 andlaate ad kome*nn*,
 eg so upp aptur rise
 til eyllífs lífs, Amen. (26. er.)

Endurtekning bænarinna gerir hana innvirðulegri og amenið í lok beggja erindanna og upphafi síðasta erindisins gefur til kynna að mikið búi undir. Ljóðmælandi biður Jesú um að gefa sér góðan dauðdaga svo að hann rísi aftur upp til eilífs lífs.

Í erfiljóðunum er Guð beðinn um að veita mönnum að lifa vel og að deyja vel. Bænin er ýmist fyrir ljóðmælanda, ástvinum hins látna eða almennt þeim sem eftir lifa. „Oss gef, Guð, af að þreyja“, segir Hallgrímur Pétursson í lokaerindi kvæðis síns eftir Árna Oddsson lögmann (II 1890:155):

allar hörmungar nú,
 síðan sofna og deyja
 sætlega í réttu trú,
 svo hver fagnandi finni
 frændur og vini igjen,
 hjá hægri hendi þinni,
 herra Jesús, amen.

Í erfiljóði um Eggert Björnsson eftir óþekktan höfund birtist sama hugsunin:

Gödann oss afgang gefe,
 Gud, fyrer Jesum Christ,
 og so Innfarar leife
 J eilijfa dijrdarvist,
 leyster af *øllum* ey*mdum*
 Einglan*na* filki*ng* hiä,
 si*ng*ium ad Sorgum gley*mdum*
 sætast Halelujah. (19. er.)

Hér er beðið um góðan dauðdaga og þar á eftir inngöngu í dýrðina. Um leið er minnt á að það var fyrir Jesú Krist sem menn öðluðust von um vist í himnaríki. Eggert Björnsson er þar, eins og sýnt var í kvæðinu, en „við“ erum enn í eynd jarðneska lífsins og fyrir „oss“ þarf að biðja Guð um náð. Lokaorð kvæðanna, sem eru oftast í formi bænar en stundum í formi hvatningar til lesenda (áheyrenda) um að fylgja dæmi hins látna, eru til þess ætluð að hvetja menn til að íhuga dauða sinn og undirbúa sig undir hann.

6. „Æfiminning“ Ólafs Jónssonar

Ólafur Jónsson klausturhaldari á Möðruvöllum var sonur Jóns refs Sigurðssonar í Búðardal og konu hans Margrétar Eiríksdóttur í Ásgarði. Kona Ólafs var Þórunn eldri, dóttir Benedikts ríka Halldórssonar. Áður en Ólafur varð klausturhaldari á Möðruvöllum hafði hann farið utan og verið um tíma sveinn Enevolds Kruses, síðar hirðstjóra, og eftir að heim kom varð hann umboðsmaður á Bessastöðum en fékk Möðruvallaklaustur árið 1605, og tók þar við af tengdaföður sínum, Benedikt ríka Halldórssyni (Bogi Benediktsson 1881: 80–81; 222–27). Ólafur lést árið 1621 samkvæmt kvæðinu³⁶ en séra Guðmundur Erlendsson var prestur í Möðruvallaklaustursprestakalli 1619–1621 og í Glæsibæ í Eyjafirði til 1631. Hann hefur því væntanlega verið handgenginn Möðruvallamönnum, eða a.m.k. viljað koma sér vel við þá, enda yrkir hann ekki aðeins eftir Ólaf, heldur einnig konu hans, Þórunni, sem lést 1628, og bróður hennar, Björn Benediktsson sem lést árið 1617. Árið 1617 er Guðmundur Erlendsson djákni á Þingeyrum, en þar voru Páll sýslumaður Guðbrandsson og Sigríður kona hans sem var dóttir Björns. Líkur eru einnig til þess að Guðmundur hafi ort erfiljóð eftir Pál Guðbrandsson (sjá skrá yfir erfiljóð hér á eftir) og hann orti kvæði um Benedikt son Páls (*Tyrkjaránið á Íslandi 1627* 1906–1909:455–463). Í erfiljóðinu eftir Þórunni talar skáldið til sona hennar og annarra afkomenda og biður þá að forlata ljóðasmíð sína.

Erfiljóðið um Ólaf Jónsson klausturhaldara hefst á sorgarþætti með hugleiðingu um hversu hverfult og fallvalt lífið sé; jarðneskt líf er eins og hey á velli (1. er.); gras visnar skjótt þegar það er skorið (2. er.); lífið líður eins og skuggi eða draumur manns (3. er.) og fyrir öllum á að liggja að leggjast í þann dauðra krans (3. er.). En huggunin er ekki fjarri og í 4. erindi kemur í ljós að sá sem sofnar sætt í Drottni fær bót harma sinna (þ.e. jarðlífsins). Þetta er endurtekið í 5. erindi, þar sem segir að sá megi hrósa sigri í lífsins sal (þ.e. himnaríki) sem deyr guðrækilega. Strax í fyrirsögn erfiljóðsins um Ólaf er lesandinn búinn undir að hann hafi dáið á guðrækilegan hátt; hann sofnaði í Drottni:

Æfe minnijng þess heidurzverduga og nafnkunnuga höfdijnggz
mannz, Ólafs B(onda) Jönz sonar, huør ad sofnade j drottni, þann 13.
Mártj 1621, a Mødruvøllumm j Hørgardal.

Erfiljóðið hverfist um andlátsstund Ólafs. Þó að lesendum sé lofað í fyrirsögn að á eftir fari æviminning Ólafs og látið að því liggja í 9. erindi, á eftir sorgar-

³⁶ Boga Benediktssyni og Páli Eggerti virðist ekki hafa verið kunnugt dánarár Ólafs, því að það kemur hvorki fram í *Sýslumannaæfum* né *Íslenskum æviskrám*.

og huggunarþætti kvæðisins, að nú eigi að mæra hann með lofi, fer í reynd næsta lítið fyrir lýsingu á æviferli hans. Hún er aðeins um það bil fimm erindi af 39 erindum kvæðisins; mjög hratt er farið yfir sögu þar til komið er að aðalefni erfiljóðsins, dauðastundinni. Í 10.–12. erindi er greint frá því að guðsótti og aðrar dygðir hefðu prýtt Ólaf; hann væri kominn af göfugu kyni, lærður og framaður í öðrum löndum. Skáldið gerir sér engan mat úr starfi Ólafs, hvernig hann sinnti því og hverju hann hefði afrekað, en staðnæmist þó við hjónaband hans. Í 13.–14. erindi er fjallað um hjónabandið og þar kemur fram hvort tveggja, sem farið var í hér að framan, að Guð hafi tengt þau saman, Ólaf og Þórunni, og að hún hafi bætt ráð hans; maðurinn er ekki heill nema hafa maka sér við hlið. Þá hefjast lýsingar á veikindum og andláti Ólafs og ná þær frá 15. erindi til þess 35., eða 21 erindi alls. Í þessum kafla birtast flest þau efnisatriði sem venja er að nota í lýsingum á andláti manna í erfiljóðunum: Hinn látni var þolinmóður í veikindum sínum, sýndi guðrækni og las bænir, lét einnig predika yfir sér þótt hann kæmist ekki til kirkju vegna veikindanna, meðtók sakramenti og bjó sig vel undir að skilja við heiminn og hverfa til hins betri staðar, því að 'ævisetur komið fann' (22. er.). Allt þetta gefur fyrirheit um að Ólafur sé í hópi útvalinna. 23.–28. erindi eru eins konar millikafli, þar sem lýst er veikindum Ólafs allt til þess er hann gefur upp andann. Þar er Ólafur þó látinn gera upp við lífið, gefa aumum ölmusu, fyrirgefa óvildarmönnum sínum og loks gefa ástvinum holl ráð og kveðja þá.

Dauðastundin er oft um leið kveðjustund, þar sem hinn deyjandi maður kveður sína nánustu og árnar þeim heilla. Þetta þema er ekki jafnalgengt og lýsing á andlátinu sjálfu en kemur þó oft fyrir í erfiljóðunum. Síðasta kveðja til hinna nánustu er aldagamalt minni í bókmenntum um leið og hún er eðlilegur siður í samfélagi þar sem dauðastríðið fór fram innan veggja heimilisins, mitt á meðal vina og vandamanna. Hér hefur skáldið fyrir sér bókmenntalega fyrirmynd og beinlínis vitnar til hennar. Dregin er upp mynd af föðurnum, höfði fjölskyldunnar, sem uppfræðir synina og veitir þeim blessun sína. Fyrirmyndin er í fyrstu Mósebók 49.1–37, þar sem Jakob leggur sonum sínum ráð og blessar þá á dauðastund sinni. Kveðjuorðin, og sú vitneskja um yfirvofandi andlát sem tengist þeim oft, sýna að einstaklingurinn er sáttur við viðskilnaðinn við þetta líf. Þau má um leið túlka sem vitnisburð um velþóknun Guðs og þar með að hinn látni sé að öllum líkindum hólpinn.

Frá andláti Ólafs segir í sjö erindum, frá 29. til þess 35. Sagt er frá því að hinn deyjandi maður ákalli heilaga þrenningu og beini svo orðum sínum til lausnarans eingöngu, með beiðni um náð og miskunn sér til handa. Fram að þessu hefur ljóðmælandi talað í þriðju persónu en nú skiptir um og hinn deyjandi maður fær orðið (31.–34. er.). Hér birtist trúarleg togstreita — maðurinn er ekki viss um sáluhjálp sína — hann er auðmjúkur og ákallið til Drottins

nær hámarki: „sijst mä eg nü vera þijn än“; „hlifdu mier frä hörðum dömj“; „lättu mig eckj verða að smän“. En nú hægist um og angistin sem birtist hér breytist í trúarlega fullvissu: Guð hefur elskað mannkynið svo að hann gaf son sinni þeim sem á hann trúa kynni — „kijs eg mier nü aff hönnum lid“ (32. er.). Í næsta erindi segist hann trúa því að hold sitt muni „ä döma degi“ rísa og „þö til molldar höfudid hneygi / ä himnnum sijdar eflaust Bij“. Að lokum tekur hann sér orð Krists á krossinum í munn og segir: „J hendur þijnar frijdi fadir / fel eg af hiarta anndann minn ...“ (34. er.). Sömu aðferð við að sýna fram á guðrækilegt andlát mannsins (og þar með fullvissa þá sem lesa/heyra kvæðið að hann sé hólpinn) notar séra Guðmundur Erlendsson í fleiri kvæðum, eins og sést hér að framan þar sem fjallað var um dauðastund Björns Benediktssonar. Einnig hér eins og þar ávarpar skáldið lesendur eins og til að árétta að svona hafi þetta gengið fyrir sig: „Hier vmm giørj eg satt að seigia“ (36. er.). Og „yfir þuj skilldj eckj þeigia / ägiætt dæmj hier mä sjä“. Kvæðinu lýkur á hvatningu til lesenda, um að beina augum sínum til Paradísar og með því höndla „trüar styrkva stafe“ (38. er.) en 39. erindi er bæn til drottins fyrir „oss“.

Erfiljóð séra Guðmundar Erlendssonar um Ólaf klausturhaldara Jónsson byggist á efnispáttunum sorg, lof og huggun, ásamt hvatningu (bæn). Sorgarþátturinn er hefðbundinn, tilveran er ömurleg og hverful. Huggunin er tvískipt, lesendum er sagt snemma í kvæðinu að sá sem sofnar vel í Drottni sé hólpinn og þannig búnir undir að Ólafur hafi dáið guðrækilega og að það sé meginefni kvæðisins. Huggun birtist svo aftur í lok lýsingarinnar á andláti Ólafs, þar sem ljóðmælandi fullvissar lesandann um að Ólafur hafi hlotið þann dauðdaga sem lýst var á undan, hann sjálfur hafi verið þar viðstaddur (36. er.). Lofið felst í því að segja frá því að Ólafur hafi verið dygðum prýddur, vel ættaður, lærður og forframaður í útlöndum og hann hafi lifað í góðu hjónabandi. Kjarni lofsins kemur þó fram í lýsingu á veikindum og dauða Ólafs, í henni sjáum við líf hans og líferni í hnotskurn og með henni næst fram markið ljóðsins, sem er að fullvissa lesendur/áheyrendur um að Ólafur sé nú kominn til Paradísar.

7. Lokaorð

Til þess að geta metið erfiljóð 17. aldar (og aðrar tegundir tækifæriskvæða frá sama tíma) að verðleikum er nauðsynlegt að taka mið af samtímahugmyndum um bókmenntir og bókmenntasköpun. Á þessum tíma höfðu rómantískar hugmyndir um frumleika og snilligáfu ekki enn litið dagsins ljós og ljóðlist fólst að talsverðu leyti í eftirlíkingu (*imitatio*) fremur en nýstárlegum eða

frumlegum hugmyndum (Beutin o.fl. 1993:122; sbr. einnig Jón Ólafsson 1996:53–54). Eftirlíking merkti hér að nota bókmenntir sem fyrirmyndir; að taka sér fornan (eða mikilsmetinn) skáldskap til fyrirmyndar á sem áhrifarík-astan hátt. Skáldskapur erfiljódaskálda var lærður og krafðist þekkingar (lærdóms) bæði hjá skáldum og lesendum. Sérkenni hvers skálds fólst í vali á efni innan hefðarinnar og framsetningar þess. Tilgangur skáldskaparins var m.a. að kenna mönnum (t.d. ákveðna hegðun), gleðja menn, sannfæra þá um eitt-hvert málefni eða breyta viðhorfi þeirra til þess, enda hafa margir bent á fé-lagsleg einkenni skáldskapar frá 17. öld (t.d. Beutin o.fl. 1993:111 og Hardi-son 1962:108). Retórískt markmið erfiljódanna er að breyta sorg í fögnuð; að fá menn til að setta sig við missi ástvinar eða annarra sem mikilvægir höfðu verið í lífi þeirra og gleðjast yfir því að vita af þeim á hinum betri stað. Að-ferðin sem notuð er til þess að ná þessu markmiði á rætur í klassískri mælsku-fræði Grikkja og Rómverja, þar sem fjallað er um tækifærisræður, en 16. og 17. aldar húnaristar eins og Scaliger, Pontanus, Vossius og Opitz setja hana fram í skáldskaparfræðum sínum. Ákveðin æviatriði hins látna eru dregin fram og lof borið á persónu hans, einkum í ljósi kristilegra dygða og mannúð-ar. Hann er syrgður og missir hans fyrir ástvini, hérað eða land harmaður. Oft er andlátsstund hans lýst í smáatriðum og stendur þá fyrir líf hans og lífverni í hnotskurn. Syrgjendur eru huggaðir um leið og þeir eru fengnir til þess að fluga eigið líf og dauða. Að lokum er Guð beðinn um að líta til þeirra með velþóknun og leyfa þeim að hafna í sama stað og hinn burtfarni ástvinur.

Erfiljóðin voru mikilvæg fyrir 17. aldar menn, það sýnir fjöldi þeirra kvæða sem til eru frá þeim tíma og sú staðreynd að öll helstu skáld aldarinnar ortu erfiljóð. Í þeim birtist í senn hugmyndaheimur lútherstrúarmanna og áhrif frá klassískum mælskulistar- og bókmenntahefðum. Erfiljóðin eiga upp-tök sín í endurreisn klassískra fræða og bókmennta. Þau sækja efni, byggingu og stíl að einhverju leyti til klassískrar mælskulistar og húnarískra fræða, en orðræða erfiljódanna og hlutverk þeirra tengist hugmyndum lútherstrúar-manna um sáluhjálp. Í erfiljóðunum birtist ákveðin heimsmýnd sem líf hinna látnu fellur að og þá einnig líf hinna sem eftir eru. Fyrirmyndarmanninum er lýst, manningum sem iðkaði Guðs orð og var trúr köllun sinni, manningum sem er hólpinn. Að þessu leyti fólu erfiljóðin í sér siðferðislega innrætingu, sem bæði var trúarlegs og félagslegs eðlis. Með erfiljóðunum er verið að sannfæra syrgjendur um að hinir látnu séu komnir til Paradísar, þar sem þeir (syrgj-endur) muni væntanlega hitta þá síðar; um leið er hinum látnu reistur verðug-ur minnisvarði. Í ljósi þess að hér er um að ræða bókmenntagein sem tilheyr-ir að mestu leyti stétt klerka og embættismanna, er ekki fráleitt að gera því skóna að með henni sé verið að staðfesta sjálfsmýnd þessa þjóðfélagshóps.

1. VIÐAUKI

Erfiljód séra Guðmundar Erlendssonar í Felli í Sléttuhlíð (um 1595–1670) eftir Ólaf Jónsson, klausturhaldara á Möðruvöllum í Hörgárdal (d. 1621), hef ég aðeins fundið í handritinu JS 232 4to, bl. 481v–483v. Handritið geymir kvæðabók séra Guðmundar Erlendssonar, „Gígju“. Séra Guðmundur hafði safnað kvæðum sínum í tvær bækur, „Gígju“ og „Fagraskóg“. Þetta er eftirrit sem sonur hans, Skúli, hefur skrifað árið 1688. Bókin er innbundin í skinn, með spennslum úr málm, 542 blöð. Gul marmaramynstruð blöð eru límd innan á kápu og saurblað er sams konar. Á saurblaði verso eru upphafsstafir H.B. og B.J. og ennfremur nafnið Brynjólfur. Titilsíða er skreytt:

Andleg Gija edur hliodfære af Psalmum, Vijsum, Rijnum, kuædum og dæme søgum ... Endurskrifud a Biarnastodum I Vnadal af Skula Gudmundssyney Anno 1688.

Handritið gaf Einar Jónsson, Lundi í Fljótum, konu sinni, Guðnýju Hjálmarsdóttur, eftir orðum á bl. VII:

Þessa andlegu Gýu hliodfære a Ehru Verdug Heidurs kvinna Gudný Hiálmars doottur huøria henne hefur Giefed hennar Gud Elskande og digdum prydde Ecttamadur Einar Jónsson a Lunde j Fliótum.

Á saurblaði aftast stendur eftirfarandi: „Sá sem Bókina Bindur Áskilur sier að fá hana lieda í kaupid ef hann langar og forgangs riett kaupis ef fargad er. 1852. Jon Jons son, Gaukstödum.“ Önnur erfiljód í Gígju eru: 1) Um Guðbrand Þorláksson biskup (um 1541–1627), bl. 44r–46r. Upphaf: „Dictar lofkvædi Davids son“. Það er einnig að finna í eftirriti af kvæðabók Guðmundar í Lbs 1055 4to, bls. 248–251. 2) Um Þorlák Skúlason biskup (1597–1656), bl. 46r–47r. Upphaf: „Auvij, Auvij, vort auma lannd“. Það er einnig að finna í Lbs 1055 4to, bls. 251–254. 3) Um Þórunni Benediksdóttur (d. 1628), konu Ólafs Jónssonar, bl. 385r–386v. Upphaf: „Mannord gott eg meina“. Þetta erfiljód er einnig varðveitt í Lbs 2388 4to. 4) Um Margréti Skúladóttur (d. 1638), móður skáldsins, bl. 540r–542v. Upphaf: „Salömon vjise magtar madur“. Aftast í handritinu eru nokkur kvæði sem Jón, sonur Guðmundar, einnig í Felli í Sléttuhlíð, hefur ort. Þeirra á meðal er erfiljód um Gísla Þorláksson biskup, bl. 532r–534v. Upphaf: „Nv bidium Gud að näda oss“.

Fleiri erfiljód, en eru í þessu handriti, eru til eftir Guðmund Erlendsson. Í Lbs 2388 4to, bls. 13–14, er varðveitt erfiljód hans eftir Björn Benediktsson (1561–1617) sýslumann í Vaðlaþingi. Upphaf: „Firir andlát skal öngvan mann.“ Björn var bróðir Þórunnar Benediksdóttur og mágur Ólafs Jónssonar. Í Lbs 1529 4to er kvæði sem séra Guðmundur orti eftir konu sína, Guðrúnu Gunnarsdóttur. Upphaf: „Vil eg í Gudj gladur“ bls. 20–24.³⁷ Erfiljód orti Guðmundur um Benedikt Pálsson (d. 1664) sem varðveitt er í ÍB 584 8vo og prentað í *Tyrkjaráninu á Íslandi 1627*. Erfiljód Guðmundar eru ekki varðveitt í eftirritum kvæðabókar hans í Lbs 271 4to eða JS 250 4to. Að lokum eru allmikil líkindi til þess að erfiljód um Pál Guðbrandsson sýslumann í Lbs 2388 4to, bls. 17–20, sé ort af séra Guðmundi Erlendssyni (sjá skrá yfir erfiljód hér á eftir).

³⁷ Eitt erindi úr þessu kvæði er prentað í inngangi Gríms M. Helgasonar að *Dæmisögum Esóps í ljóðum* eftir Guðmund Erlendsson (1967:v).

GUDMUNDUR ERLENDSSON Í FELLI Í SLÉTTUHLÍÐ

(um 1595–1670)

481v Æfe minnijng þess heidurzverduga og nafnkunnuga höfðijngz mannz, Öläfs B(onda) Jönz sonar, huør ad sofnade j drottnei, þann 13. Martj 1621, a Mødruvøllum j Hørgardal.

1. Allt er hold sem heý ä velle
heidurinn þess sem akurzblöm,
stormur trúeg stráid hrellj
stödu giefst þuj lijtid töm,
so yfer holdj, sött og elli,
särrann þilia dauda döm.
2. Upp er skorid graz af grunnu
grænnt ad sä, enn visnar skiött,
holldid manz ä hrygdar stunndu
hrørnar senn og fölnar ött,
bristö er veikt, enn bregdur lunndu
þä breidist yfir daudannz nött.
3. Einnz og skugge lijfid lijdur,
lestur, eda draumur mannz,
lasinn, styrkur, liötur, frijdur,
leggiast nidur j daudra krannz,
rijkur, snaudur, bistur, blijdur,
med bläu sijna, en aunguan fannz.
4. Huør sem sofnar sætt j drottnj
sä hefur feinngid harma bött,
särlann trúeg þadanaf þrotnj
þau vmmskipti verda fliöt,
hulid jörd þö holldid rotnj
hefur sälinn gledinnar mött.
5. Sä mä hrösa sigri sönnumm
sem j trünni nidurleggst,
hann er j burt frá eyrmd og önnumm
alldrei framar þadanaf hreckst,
j lijfsinnz sal hiä lifanndj mönnumm
laus vid bükinn sälinn tekst.
6. Hvør sem lastvar lifir j heimj
lijtid vmm sig haffa kann
festir ei hug ä fie nie seimj
fer so burt j himnna rann;

- hannz trüeg minnijng gödir geimj
og giørj ad kalla dijrlégann.
7. Pann eg telie þeirra ä millj
þar til eirnn med riettu finn,
Gudz og manna haffdj hylli
hughraustur vid mötgänginn,
beigdj hann alldrei bøl nie kuillj
so bædj hann eckj skapara sinn.
8. Öläf Jönz son eg vil nefna,
eilijflega sie hønumm gladt, || 482r
hiedann ried fyrir stuttu ad stefna
stygd þuj yfir margann datt;
ä dauda er eigj hægt ad hefna,
hann til jardar mörgum hratt.
9. Hannz mä lof ad lidinnj æfi
liffa gödu fölke hiä,
þö kuedj eg ei sem hønumm hæfi
hier skal giørdur litur ä,
vilienn minn yfir vitid gnæfir
vijsumm er þad hægt ad siä.
10. Ötti Gudz og adrar dygdir
er þann prijddu fröma mann,
lijtlætj, trü og trygdir,
tygna meiga ä jördu hann
sueitinn vor og vestur bygdir
veit þad giørla fyrir sann.
11. Giæfu madur af gøfugu kyne
gödur kominn Jsalanndz;
hellstu menn fyrir virta vinj
valdj luckann hønumm til sannz;
wngumm trüeg ä hønumm hrini
allur sömj høffdiingz mannz.
12. So ä margar menntir lærdur
ad mættj kalla ædstu snilld;
j önnur lønnd til frama færður
frömrä manna haffdj villd;
fyrer jlla breitnj alldrei kiærdur,
adstod Gudz var hiä honum milld.
13. Vid tygid sprund af tygnum mønnum
teýngia giørdj hann drottinnz näd,

- það var heffð með söma sönnumm
sem hannz bættj fullvel Räd,
af gulli ber og greýpar fönnumm
giörvöll hennar kuenmanz däd.
14. Med heidri biuggu hiöninn samann
hartnær fiörutju är,
audsinnz nægd, sem jnndj og gaman,
ävallt senndj drottinn klär,
ä mödruvøllum mannordz framann
mykinn höfdu, liöst það stár.
15. Þegar ä æfi vpptök lijda
einatt hlaut sä gödj mann
vid hollsinnz kuilla hardann strijda
hrörnan af þuj nöga fann;
þä numinn var frá naud og kuijda
nær siötugur taldist hann.
16. Komu þar lokz hin döpru dægur
döck þeim stjirdu mötgänngz skj,
heilsu brestur valla vægur
veikj lagdj holdid j;
christz var honum krossinn þægur,
kuartadi hann lijtid vnndann þuj. || 482v
17. Sumarid hälfð og haustid bædj
hartnær framm til midzvetrar,
þö ad hefdj þünga mædj
þrälega ä fötummm var,
þä hann hafdj þijngst önædj
þetta er (sagdj hann) ecki þar.
18. Loksinnz þegar leid ä vetur
lijkamz burdir hörufudu,
jnnra mannsinnz æ þess betur
allir kraptar störfufudu,
bljld Gudz ord og Bænaletur
bünjngz snidinn örfudu.
19. A höfðalægi hannz var jafnmann
hanndbær lijtil bænaþök,
huggun girntist sälar safna
sijfell-lega hana tök,
þegar ad siön ried hönumm ad hafna
heilagur anndj menntir jök.

20. A sierhuøriumm sunnudeigi
sier predika jaffnann liet
kyrkiu til þö kiæmist eigi,
kløckur var og launngumm griet,
vmm passiuna sama eg seigi
sem bevjsad fullvel giet.
21. A laugardag þegar lāngafasta
lidinn var hālf, sem reiknast mā,
sacramenntumm hann helgasta
hugliūflega med tōk þā,
holldsinnz elsku hann ried kasta
enn heimj biō sig allvel frā.
22. A midfōstu mānudeigi,
vmm morguninn þā dagur rann,
giōrdj ad skipa (sem eg seigi)
synir hannz ad finndj hann,
baud þad drægist vnndann eigi,
æfi setur komid fann.
23. Reiknijng giōrdj rōksamlega,
ā rænu heill og māl j skjir,
einu og ødru ā alla vega
til vnndirstødu riettrar snijr,
sijndj hann huørki sorg nie trega
sig fagnandj hiedann bijr.
24. Ølmøsu gaf aumumm mōnnumm
āneffnda j þetta sinn,
munndj hann þā j efstu ønnumm,
ei þuj gleimir lausnarinn,
af hannz ordj siālfz þad sønnumm
sijdar borgast myskuninn.
25. Kuadst þā alla kuitta giefa
er kiælt sig heffdj ā nøckurn hätt,
vini bad alla vel ad lifa,
vensludumm baud hallda sātt,
riedj vnndir sinn reiknijng skrifa
þö røckua tæki af daudannz nātt. || 483r
26. Ä þridiudagienn, þann mā kalla,
þrettānda j martiō,
sijna kuaddj ästmenn alla,
yfrid miøg af megnj drō,

- hannz vmm giørdu hälz ad falla
hrýgdar anndj med þeim biö.
27. Ästar hiön med elsku hötj
vrdu lijka ad kuediast þä,
vilia Gudz ad megna ä mötj
madur kann einnginn jørdu ä,
j sælu trüeg þaug sijdar niötj
samvista Gudz börnumm hiä.
28. Fröma synj af fremmdar rädumm
fræda ried med elsku snid,
henndur lagdj j hõfud ä bädumm,
hrelldust þeir hannz rædu vid,
fadirinn jacob filldur dädumm
fordumm kiennndj þennann sid.
29. Giørdi sijdann Gud ad bidia
vmm gledilega huijldar stund,
soninn hannz bad sig ad stydia
og sära ad minnst krossinnz vnnd,
heilagann Annda hier med þridia
hann til bad med þjrdri lunnd.
30. Til þijn (sagdj hann) lidz eg leita,
Lausnarj minn, j hættri Neid,
hirdtu mier eckj Nädar ad neita,
Nü er eg büinn og kominn ä leid,
minnstu ä þijna myskun heita,
mykla sorg og krossinnz deýd.
31. Himinnz og jardar sæla og sömj,
sijst mä eg nü vera þijn än,
hlifjdu mier frá hörduddumm dömj,
hugsa eg ecki vmm annad län,
födursinnz dýrdar lifanndj liömj,
lättu mig eckj verda ad smän.
32. So hefur Gud af giæsku sinne
gödur elskad mannkynid
ad sijnumm syni ei hiehljt jnne
andar so ad hreptj frid
huør sem trüa christö kynni,
kijz eg mier nü aff hönnum lid.
33. Holldid mitt ä döma deigi
af daudumm rijs, og trüe eg þuj,

veit eg Gud mier gleimir eigi,
 gledst eg nü hannz myskun j,
 þö til molldar höfudid hneygi
 ä himnnumm sijdar eflaust Bij.

34. J henndur þjnar, frijdi fadir,
 fel eg af hiarta anndann minn,
 mjlldur drottinn, mig frelsadir,
 mykla huggun af þuj finn,
 feiginn vil eg þü funndumm hradir
 færdu mig nü j himininn. || 483v
35. Pessa grein las þräsamlega
 þö ad mälid dofnadj,
 ad bar sig ä alla vega
 og vpphaff hennar stofnadj,
 haffdi hann huörkj hrygd nie trega
 hægt j drottnj sofnadj.
36. Hier vmm giörj eg satt ad seigia
 siälfur þetta heýrdj og saa,
 sannlega feck hann so ad deýa,
 sat eg hönnum næstur hiaa,
 yfir þuj skilldj eckj þeigia
 ägiætt dæmj hier mä siä.
37. Huijlj hannz bein med grätj grafinn
 Gudj j barnna føgrumm reit,
 öndinn er frá eýmmdumm hafinn,
 einngla fagnar hün med sueit,
 söma filld og sigrj vafinn
 sælu himnarijkiss veit.
38. Vær sem erumm heimz j hafe
 hrygdar ausnir beiskri drøffn
 siäumm midt wr synda kafe
 sæla paradjsar höffn,
 höndlumm trüar styrkua stafe
 stannda teiknud öll vor nøffn.
39. Lattu oss, drottinn, milldur mäta
 myskun þinne j daudannz tijd,
 huggun veikumm send þü sæta,
 särlega hætt er þetta strijd,
 ad oss virdstu Gud ad giæta
 og giefdu føgnud þjnumm lijð.
 Amen, Amen. G:E:S:

2. VIÐAUKI: SKRÁ UM ERFILJÓÐ

1. Óþekktur höfundur orti eftir Eggert Björnsson (1612–1681), sýslumann á Skarði. ÍBR 87 4to, bls. 265–269.
2. Óþekktur höfundur orti eftir Gísla Hákonarson (1583–1631), lögmenn í Bræðratungu. Lbs 2388 4to, bls. 20–23. Einnig í Lbs 1158 8vo.
3. Óþekktur höfundur orti eftir Pál Guðbrandsson (1573–1621), sýslumann í Húnaþingi og staðarhaldara á Þingeyraklaustri. Lbs 2388 4to, bls. 17–20.

Höfundur er ekki nefndur í handritinu en á undan þessu ljóði fara tvö erfiljóð sem séra Guðmundur Erlendsson (um 1595–1670) í Felli í Sléttuhlíð hefur ort. Hugsanlegt er að séra Guðmundur sé höfundur þessa erfiljóðs. Hann var djákn á Þingeyrum í nokkur ár og lenti þá í barneignarbroti. Guðbrandur biskup tók mjúklega á málinu og um það fóru bréfastípt milli hans og Páls sonar hans (Páll Eggert Ólason 1926:756–57). Gætu eftirfarandi ljóðlinur vísað til þessarar linkindar: „stýrði vegsamur virðum / víslega þar í sýslu / lög með ljúfum huga / lét ganga óstrangur“ (19. er.) og í 22. erindi segir að „prestum var þó bestur“. Ennfremur bendir 21. erindi til þess að höfundur og Páll hafi þekkt vel: „Honum ég má vel muna / margt það tala ég af hjarta / gott sem vel mér veitti“ og í 16. erindi kemur fram að höfundur hefur dvalið þar „vestra“: „Víst man ég að vestra“.

4. Séra Bjarni Gissurarson í Þingmúla (1621–1712) orti eftir Björn Einarsson (d. 167?).³⁸ Thott 473 4to, bl. 46v–48r. Hér er um eiginhandarit séra Bjarna að ræða.
5. Séra Bjarni Gissurarson orti eftir Guðnýju Pálsdóttur (d. 1683) á Kálfafelli. Thott 473 4to, bl. 46r–46v.
6. Séra Guðbrandur Jónsson (1641–1690) í Vatnsfirði orti eftir föður sinn, séra Jón Arason (1606–1673). AM 102 8vo, bl. 25r–31r.
7. Séra Guðmundur Erlendsson (um 1595–1670) í Felli í Sléttuhlíð orti eftir Benedikt Pálsson á Möðruvöllum í Hörgárdal (d. 1664). Hluti úr kvæðinu er prentaður í *Tyrkjarárinu á Íslandi 1627* (1906–1909:455–463) eftir ÍB 584 8vo. Þetta kvæði er ekki í Gígju.
8. Séra Guðmundur Erlendsson orti eftir Björn Benediktsson (1561–1617), sýslumann í Vaðlaþingi. Lbs 2388 4to, bls. 13–14.
9. Séra Guðmundur Erlendsson orti eftir Margréti Skúladóttur, móður sína (d. 1638). JS 232 4to, bl. 540r–542v.

Erfiljóðið er í kvæðabók séra Guðmundar, Gígju, en aftast í bókinni, aftan við kvæði sonar hans, Jóns. Í fljótu bragði má ætla að séra Jón hafi ort ljóðið því í fyrirsögn er sagt: „Anndláts minning Minnar sælu og sælugu aummu“, en þá ber að minnast þess að það var annar sonur Guðmundar, Skúli, sem skrifaði upp bókina og er þá fyrirsögnin eftir hann. Kvæðið ber með sér að vera ort af syni Margrétar en ekki sonarsyni (sbr. erindi 13 og 14) og í fyrirsögn segir: ‘Þessar vísur eru með bragarhátt sem Hugbót, ortar af séra Guðmundi Erlendssyni.’

³⁸ Síðasti stafurinn í ártalinu hefur trosnað burt úr handritinu.

10. Séra Guðmundur Erlendsson orti eftir Ólaf Jónsson klausturhaldara á Möðruvöllum (d. 1621). JS 232 4to, bl. 481v–483v.
11. Séra Guðmundur Erlendsson orti eftir Þorlák Skúlason biskup (1597–1656). JS 232 4to, bl. 46r–47r. Einnig í Lbs 1055 4to.
12. Séra Guðmundur Erlendsson orti eftir Þórunni Benediktsdóttur (d. 1628) á Möðruvöllum í Hörgárdal. JS 232 4to, bl. 385r–386v. Einnig í Lbs 2388 4to.
13. Séra Hallgrímur Pétursson (1614–1674) orti eftir Árna Oddsson lögmann (1592–1665). Prentað í útgáfu Gríms Thomsens, *Sálmar og kvæði eptir Hallgrím Pétursson II* (1890:148–155).
14. Séra Hallgrímur Pétursson orti eftir Jón Sigurðarson (1610–1670), bartsкера í Káranesi. Prentað í útgáfu Gríms Thomsens, *Sálmar og kvæði eptir Hallgrím Pétursson II* (1890:155–160).
15. Hannes Helgason Skálholtsráðsmaður (d. 1653) orti eftir Vigfús Gíslason (1608–1647), sýslumann í Árnes- og Rangárvallasýslum. ÍB 380 8vo, bls. 231–245. Einnig í Lbs 1158 8vo, bls. 84–94; Lbs 2030 II 4to (frá 12. erindi, skrifað upp eftir Lbs 1158 8vo).
16. Séra Hálfðan Rafnsson (um 1581–1665) að Undornfelli orti eftir Þóru Jónsdóttur frá Kristnesi (1604–1627). Lbs 2388 4to, bls. 28–29.
17. Séra Jón Arason (1606–1673) í Vatnsfirði orti eftir föður sinn, Ara Magnússon, sýslumann í Ögri (1571–1652). AM 102 8vo, bl. 20r–21r. Einnig í Lbs 723 8vo og NKS 56 d 8vo.

Kvæðið er prentað í *Blöndu* IV (1928–1931:144–146) eftir síðastnefnda handritinu. Kvæðið er eignað séra Ólafi Jónssyni í Lbs 723 8vo en séra Jóni Arasyni í AM 102 8vo. Fyrirsögn kvæðisins í síðarnefnda handritinu virðist komin frá syni séra Jóns: „Lofleg minning ... eftir Ara sál. (afa minn sællar minningar) Magnússon. Ort af sama.“ Næsta kvæði á undan er eftir séra Jón Arason í Vatnsfirði.

18. Séra Jón Arason í Vatnsfirði orti eftir Daða og Ragnheiði Eggertsbörn (d. 1664) á Skarði á Skarðsströnd. NKS 56 d 8vo, bl. 179v–181v. Einnig í JS 583 4to.
19. Séra Jón Arason í Vatnsfirði orti eftir ömmu sína, Ragnheiði Eggertsdóttur (1549–1642). AM 102 8vo, bl. 16v–19v.
20. Jón Einarsson konrektor (um 1674–1707) orti eftir Þorlák Þórðarson (1675–1697) skólameistara í Skálholti. Lbs 505 4to, bl. [74r–77v]; Einnig í Lbs 1255 8vo og Lbs 2095 8vo.
21. Jón Einarsson konrektor orti eftir Þórð Þorláksson biskup (1637–1697). Lbs 505 4to, bl. [1r–8v]; Einnig í Lbs 1255 8vo og Lbs 2095 8vo. Gefið út í ráðstefnuritinu *Frumkvöðull vísinda og mennta* (1998:297–312).
22. Séra Jón Eyjólfsson á Gilsbakka (um 1648–1718) hefur sennilega ort eftir Hallgrím Halldórsson (um 1609–1677) lögréttumann, síðast að Víðimýri í Hegranesþingi. Lbs 365 8vo, bl. 11v–15r.

Á titilsíðu stendur: „Nockrer Saalmar Hvoría orkt hefur það andrika skaald séra Jön Saal. Eyjólfsson Elldre Fyrrum soknarprestur aa Gilsbakka.“ Þetta kvæði er hið sjötta í röðinni. Enginn þeirra sálma sem á undan þessu erfiljóði fara er nefndur í þeim yfirlitsritum um íslenskar bókmenntir sem hafa verið gefin út og því er óvíst hve mörg kvæði átt er við með orðunum „nokkrir sálmar“. Á víð og dreif í handritinu eru erfiljóð sem ort hafa verið um fjöl-

skyldu yngra bróður og alnafna séra Jóns á Gilsbakka. Þar er einnig bænarvers undir nafni Höllu Jónsdóttur, en ein dætra séra Jóns á Gilsbakka hét Halla. Það eru því nokkrar líkur á því að kvæðin í fyrri hluta bókarnnar hafi verið ort af séra Jóni Eyjólfssyni á Gilsbakka. Aftarlega í handritinu eru erfiljóð frá síðari hluta 18. aldar og geta því ekki verið eftir Jón.

23. Séra Jón Guðmundsson (1631–1702) í Felli í Sléttuhlíð orti eftir Gísla Þorláksson biskup (1631–1684). JS 232 4to, bl. 532v–534v. Kvæðið var prentað á Hólum 1685, með útfararminningu Gísla (Halldór Hermannsson 1922:38–39).
24. Séra Jón Guðmundsson í Hítardal (1558–1634) orti eftir konu sína, Guðríði Gísladóttur (1577–1620). JS 385 8vo, bl. 4r–7r; NKS 56 d 8vo. Kafli úr kvæðinu er prentaður í *Mönnum og menntum* IV (1926:591–592) og í *Íslands þúsund árum. Kvæðasafni 1300–1600* (1947:222).
25. Séra Jón Ólafsson á Lambavatni (um 1640–1703) orti eftir Eggert Björnsson á Skarði (1612–1681). ÍBR 87 4to, bls. 269–272.
26. Séra Ólafur Jónsson á Söndum (1560–1627) orti eftir Tómas, vinnumann sinn (dánarár óþekkt). Í kvæðabókum séra Ólafs á Söndum, t.d. ÍB 70 4to, bl. 96v–97r; NKS 139 b 4to; Lbs 1516 4to. Sigurjón Einarsson gaf þetta kvæði út í grein sinni „Séra Ólafur á Söndum“ (1960:110–112).
27. Séra Ólafur Jónsson á Söndum orti eftir Vigdís Halldórsdóttur (dánarár óþekkt). Lbs 1516 4to, bl. 106v–107v. Kvæðið er hvorki í ÍB 70 4to né NKS 139 b 4to. Sennilega er hér um að ræða Vigdís Halldórsdóttur sem var gift Þorvaldi Björnssyni lögsagnara á Æsustöðum í Langadal og síðar Torfa Vigfússyni á Hrauni og Hvammi í Dýrafirði (Bogi Benediktsson II 1889–1904:298, 575–76 og III 1905–1908:337).
28. Séra Ólafur Jónsson (um 1590–1661) á Stað í Súgandafirði (áður á Eyri í Skutulsfirði) orti eftir Helgu Aradóttur (d. 1633). NKS 56 d 8vo, bl. 94r–97r. Einnig í JS 385 8vo (vantar fyrstu 6 erindin) og Lbs 723 8vo (aðeins hluti úr fyrsta erindinu).
29. Páll Jónsson Vídalín (1667–1727), lögmaður í Víðidalstungu, orti eftir Þorleif Gíslason frá Hlíðarenda (d. 1677). Lbs 1485 8vo, bl. 271r–276r.

Kvæðið var prentað í arkarbroti í Skálholti árið 1696 og segir Jón Þorkelsson það vera í Landsbókasafni í útgáfu sinni að *Vísnaðveri Páls lögmans Vídalíns* (1897:181). Það hefur þó ekki fundist, en við færslu ÍB 41 4to í handrita-skrá Landsbókasafns stendur „Legið hefir hér með prentuð grafskrift yfir Þorleifi Gíslasyni (1696) eftir Pál Vídalín, en verið horfin þegar 1869, er skrá bmf. birtist.“

30. Séra Þórður Jónsson á Staðastað (1672–1720) orti eftir ömmu sína, Katrínu Er- lendsdóttur (1612–1693). Lbs 1527 8vo, bl. 35r–42v. Einnig í Lbs 1158 8vo og 9 1/2 erindi í Lbs 701 8vo og samkvæmt upplýsingum frá Guðrúnu Ásu Gríms- dóttur er það að finna í Adv 21.7.17, bl. 82r–84v (sbr. Guðrún Ása Grímsdóttir 1996:230).

HEIMILDASKRÁ

Handrit

AM 102 8vo	JS 385 8vo	Lbs 1158 8vo
ÍB 70 4to	Lbs 505 4to	Lbs 1255 8vo
ÍB 380 8vo	Lbs 1055 4to	Lbs 1485 8vo
ÍBR 87 4to	Lbs 1516 4to	Lbs 1527 8vo
JS 232 4to	Lbs 2030 II 4to	Lbs 2095 8vo
JS 400 b 4to	Lbs 2388 4to	NKS 139 b 4to
JS 402 4to	Lbs 365 8vo	NKS 56 d 8vo
JS 583 4to	Lbs 701 8vo	Thott 473 4to

Prentaðar heimildir

- Ad C. Herennium. De Ratione Dicendi (Rhetorica ad Herennium)*. 1954. Ensk þýðing eftir Harry Caplan. The Loeb Classical Library. William Heinemann og Harvard University Press, London og Cambridge, Mass.
- Akslen, Laila. 1997. *Norsk barokk. Dorothe Engelbretsdatter og Petter Dass i retorisk tradisjon*. Landslaget for norskundervisning (LNU) / Cappelen Akademisk forlag, Ósló.
- Althaus, Paul. 1982. *The Ethics of Martin Luther*. Robert C. Schultz þýddi. Fortress Press, Philadelphia.
- Alþingisbækur Íslands I. 1570–1581. 1912–1914*. Sögufélagið, Reykjavík.
- Ariès, Philippe 1981. *The Hour of Our Death*. Helen Weaver þýddi. Alfred A. Knopf, New York.
- Arngrímur Jónsson. 1992. *Fyrstu handbækur presta á Íslandi eftir siðbót*. Handbók Marteins Einarssonar 1555, handritið Ny kgl. saml. 138 4to, Graduale 1594. Lítúrgísk þróunarsaga íslenzkrar helgisiðahefðar á 16. öld. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Árni Sigurjónsson. 1991. *Bókmenntakenningar fyrri alda*. Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar, Reykjavík.
- Auken, Sune. 1998. *Eftermæle*. En studie i den danske dødedigtning fra Anders Arrebo til Søren Ulrik Thomsen. Museum Tusulanums forlag / Københavns Universitet, Kaupmannahöfn.
- Beutin, Wolfgang, o.fl. 1993 (1989). *A History of German Literature*. From the beginnings to the present day. Clare Krojzl þýddi. 4. útgáfa. Routledge, London og New York.
- Bennett, A. L. 1954. The Principal Rhetorical Conventions in the Renaissance Personal Elegy. *Studies in Philology* 51:107–126.
- Bergljót Soffía Kristjánsdóttir. 1996. „Gunnlöð ekki gaf mér neitt af geymsludrykknum forðum ...“ Um Steinunni Finnsdóttur, Hyndlurímur og Snækóngrímur. *Gudamjöður og arnarleir*. Safn ritgerða um eddulist, bls. 165–219. Sverrir Tómasson ritst. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Biblían*. Heilög ritning. Gamla testamentið og Nýja testamentið. 1981. Biblíufélagið, Reykjavík.

- Blanda, fróðleikur gamall og nýr.* 1921–1923 og 1928–1931. II og IV. Sögufélag, Reykjavík.
- Bromiley, Geoffrey W. 1978. *Historical Theology.* An Introduction. T. & T. Clark, Edinburgh.
- Bogi Benediktsson. 1881–1915. *Sýslumannaæfir I–IV.* Í prentsmiðju Einars Þórðarsonar, Reykjavík.
- Böðvar Guðmundsson. 1993. Nýir siðir og nýir lærdómar — bókmenntir 1550–1750. *Íslensk bókmenntasaga* II, bls. 379–519. Vésteinn Ólason ritstjóri. Mál og menning, Reykjavík.
- Christensen, Ole Riber, o.fl. 1973. Forslag til beskrivelse af barokkens lejlighedsdigtning. *Barokkens lejlighedsdigtning*, bls. 142–156. Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Colie, Rosalie L. 1973. *The Resources of Kind.* Genre-Theory in the Renaissance. University of California Press, Berkeley, Los Angeles, London.
- Curtius, Ernst Robert. 1948. *Europäische Literatur und lateinisches Mittelalter.* Francke, Bern.
- Deneef, A. Leigh. Haust 1973. Epideictic rhetoric and the Renaissance lyric. *The Journal of Medieval and Renaissance Studies* 3:203–231.
- Ein Kristilig handbog, íslenskud af Herra Marteine Einar syne, fyrer kennimenn i Islandi, ok korrigerud af Doctor Petre Palladius med þeim hætti, sem hier finzt I hans formaala.* 1555, Kaupenhafn.
- Erasmus–Luther. 1961. *Discourse on Free Will.* Ritstj. Ernst F. Winter. Frederick Ungar, New York.
- Georgi, Annette. 1969. *Das lateinische und deutsche Preisgedicht des Mittelalters in der Nachfolge des genus demonstrativum.* Erich Schmidt Verlag, Berlín.
- Grimm, Harold J. 1973. *The Reformation Era 1500–1650.* 2. útgáfa. Macmillan, New York.
- Grímur M. Helgason. 1967. Inngangur. *Dæmisögur Esóps í ljóðum eftir Guðmund Erlendsson prest á Felli í Sléttahlíð.* Barnablaðið Æskan, Reykjavík.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 1996. Um íslensku prestskonuna á fyrri öldum. *Konur og kristmenn.* Þættir úr kristnisögu Íslands, bls. 215–247. Ritstjóri Inga Huld Hákonardóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Gutierrez, N. A. 1988. The Remembrance: Model Literature not Elegy. *Parergon*, New Series No. 6 A:105–121.
- Halldór Hermannsson. 1922. Icelandic Books of the Seventeenth Century. *Islandica* XIV. Cornell University Library, Ithaca, N.Y.
- Hallgrímur Pétursson. 1890. *Sálmar og kvæði eptir Hallgrím Pétursson* II. Útg. [Grímur Thomsen]. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1972. *Bókmenntir.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, Reykjavík.
- Hardison, O. B. 1962. *Enduring Monument.* A Study of the Idea of Praise in Renaissance Literary Theory and Practice. University of North Carolina Press, Chapel Hill.
- Heimir Pálsson. 1978. *Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum frá 1550.* Iðunn, Reykjavík.
- Hillerbrand, Hans J. 1973. *The World of the Reformation.* Scribner, New York.
- Hid nya testament 1540.* 1933. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Ljósprentuð útgáfa í Monumenta Typographica Islandica 1. Levin & Munksgaard, Kaupmannahöfn.

- Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. 1982. Jakob Benediktsson ritstj. Mál og menning, Reykjavík.
- Hörður Ágústsson. 1992. Bækur. *Skálholt*. Skrúði og áhöld, bls. 285–356. Kristján Eldjárn og Hörður Ágústsson. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Inga Huld Hákonardóttir. 1992. *Fjarri hlýju hjónasængur*. Öðruvísi Íslandssaga. Mál og menning, Reykjavík.
- Íslands þúsund ár*. Kvæðasafn 1300–1600. 1947. Páll Eggert Ólason hefur valið. Helgafell, Reykjavík.
- Íslands þúsund ár*. Kvæðasafn 1600–1800. 1947. Snorri Hjartarson hefur valið. Helgafell, Reykjavík.
- Jón Einarsson. 1998. Fáörður minningarsöngur eftir Jón Einarsson konrektor í Skálholti. Kári Bjarnason og Sigurður Pétursson bjuggu til prentunar. *Frumkvöðull vísinda og mennta*. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti, bls. 295–312. Jón Pálsson ritst. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Jón Halldórsson. 1911–1915. Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal. II. Hólabiskupar 1551–1798. *Sögurit II*. Hannes Þorsteinsson gaf út. Sögufélag, Reykjavík.
- Jón Helgason biskup. [1935]. *Meistari Hálfðan*. Æfi- og aldarfarslýsing frá 18. öld. E. P. Briem, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1948. Bókasafn Brynjólfs biskups. *Landsbókasafn Íslands*. Árbók 1946–1947. III–IV:115–147.
- Jón Helgason. 1985. Bækur og handrit á tveimur húnvetnskum höfuðbólum á 18du öld. *Landsbókasafn Íslands*. Árbók 1983. Nýr flokkur 9:5–46.
- Jón Helgason. 1926. Jón Ólafsson frá Grunnavík. *Safn Fræðafjellsins V*. Hið íslenska fræðafjellag í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.
- Jón Ólafsson úr Grunnavík. 1996. *Hagþenkir*. JS 83 fol. Þórunn Sigurðardóttir sá um útgáfuna og ritaði inngang. Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og Hagþenkir, félag höfundna fræðiritna og kennslugagna, Reykjavík.
- Jón Ólafsson úr Grunnavík. 1999. Skáldanna leikaraverk. Útg. Margrét Eggertsdóttir. *Vitjun sína vakta ber*. Safn greina eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík, bls. 21–37. Háskólaútgáfan og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns, Reykjavík.
- Jón Þorkelsson. 1888. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Andr. Fred. Høst & Søns, Kaupmannahöfn.
- Jón Þorkelsson. 1895. *Saga Magnúsar prúða*. Sigurður Kristjánsson, Kaupmannahöfn.
- Jón Þorláksson á Bægisá. 1843. *Íslensk ljóðabók Jóns Þorlákssonar prests að Bægisá*. Síðari deild. Prentað á kostnað Þorsteins stúdents Jónssonar, Kaupmannahöfn.
- Kolb, Robert. 1995. Burying the Brethren: Lutheran Funeral Sermons as Life-Writing. *The Rhetorics of Life-Writing in Early Modern Europe*, bls. 97–113. Ritstj. Thomas F. Mayer og D. R. Woolf. The University of Michigan Press, Ann Arbor.
- Krummacker, Hans-Henrik. 1974. Das Barocke Epicedium. Rhetorische Tradition und deutsche Gelegenheitsdichtung im 17. Jahrhundert. *Jahrbuch der deutschen Schillergesellschaft* 18:89–147.
- Lanham, Richard, A. 1968. *A Handlist of Rhetorical Terms*. A Guide for Students of English Literature. University of California Press, Berkeley og Los Angeles.
- Lausberg, Heinrich. 1973. *Handbuch der literarischen Rhetorik*. Hueber, München.

- Leighton, Joseph. Apríl 1983. Occasional Poetry in the Eighteenth Century in Germany. *The Modern Language Review* 78:340–358.
- Luther, Martin. 1908. De servo arbitrio. Über den unfreien Willen, Antwort an Erasmus. *D. Martin Luthers Werke*, bls. 600–787. 18. bindi. Hermann Böhlhaus Nachfolger, Weimar.
- Luther, Martin. 1907. Vom ehelichen Leben. *D. Martin Luthers Werke*, bls. 275–304. 10. bindi, 2 hluti. Hermann Böhlhaus Nachfolger, Weimar.
- Luther, Martin. 1897. Von der Freiheit eines Christenmenschen. *D. Martin Luthers Werke*, bls. 20–38. 7. bindi. Hermann Böhlhaus Nachfolger, Weimar.
- Magnús Már Lárusson. 1967. Pétur Palladus, rit hans og Íslendingar. *Fróðleikspættir og sögubrot*, bls. 7–22. Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Margrét Eggertsdóttir. 1996. Listin að deyja. *Eitt sinn skal hver deyja*. Dauðinn í íslenskum veruleika, bls. 150–154. Sigurjón Baldur Hafsteinsson ritst. Mokkappress, Reykjavík.
- Moller, Martin. 1661 (1611). *Manuale*. Það er Handbókar korn/Huðrönn Madur eige að lifa Christelega og Deyja Gudlega ... Guðbrandur Þorláksson þýddi. Hólum í Hjaltadal.
- Óskar Halldórsson. 1996. *Bókmenntir á lærdómsöld*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík (gefið út sem fjölrit 1977).
- Ozment, Steven E. 1983. *When Fathers Ruled*. Family Life in Reformation Europe. Harvard University Press, Cambridge, Mass.
- Pade, Marianne. 1987. Danske ligtaler i det 16. århundrede. Litteratur og lærdom. *Dansk-svenske nylatindage april 1985*, bls. 95–106. Marianne Alenius og Peter Zeeberg ritst. Renæssancestudier 1. Museum Tusulanums, Kaupmannahöfn.
- Palladius, Peder. 1555. Nokrar Predikaner, sem mann ma hafa nær Lik eru graffin, sem eru Predikadar af Doctor Petro Palladio. *Ein Kristilig handbog, Íslenskud af Herra Marteine Einar syne ...* Hans Wingaard, Kaupmannahöfn.
- Páll Eggert Ólason. 1948–1951. *Íslenskar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940 I–V*. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1926. *Menn og menntir síðskiptaaldarinnar á Íslandi IV*. Bóka-verzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1918, 1927, 1935–1937. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafnsins I–III*. Landsbókasafn Íslands, Reykjavík.
- Páll Eggert Ólason. 1942. *Saga Íslendinga*. Fimmta bindi. Seytjándi öld. Menntamálaráð og Þjóðvinafélag, Reykjavík.
- Páll Valsson. 1996. Íslensk endurreisn. *Íslensk bókmenntasaga III*, bls. 221–342. Halldór Guðmundsson ritstjóri. Mál og menning, Reykjavík.
- Páll Vídalín. 1897. *Vísnaðver Páls lögmans Vídalíns*. Jón Þorkelsson sá um prentun. Sigurður Kristjánsson, Kaupmannahöfn.
- Quintilianus, *The Institutio Oratoria of Quintilian*. 1953 (1921). Ensk þýðing eftir H. E. Butler. The Loeb Classical Library. Heinemann, London.
- Ridderstad, Per S. 1990. Vad är tillfällesdiktning? En kort översikt. *Personhistorisk tidskrift* 76:25–41.
- Segebrecht, Wulf. 1977. *Das Gelegenheitsgedicht*. Ein Beitrag zur Geschichte und Poetik der deutschen Lyrik. J. B. Metzlersche Verlagsbuchhandlung, Stuttgart.
- Sigurður Pétursson. 1995. Iceland. *A History of Nordic Neo-Latin Literature*, bls. 96–128. Minna Skafte Jensen ritst. Odense University Press, Óðinsvém.

- Sigurður Pétursson. 1996. Latin Teaching in Iceland after the Reformation. *Reformation and Latin Literature in Northern Europe*, bls. 106–122. Inger Ekrem, Minna Skafta Jensen og Egil Kraggerud ritstj. Scandinavian University Press, Ósló, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn.
- Sigurður Pétursson. 1997. „Da, musa, modos!“ (Gef þú, sönggyðja, ljóð!). Um latínukveðskap tengdan Þórði Þorlákssyni og Skálholti. *Frumkvöðull vísinda og mennta*. Þórður Þorláksson biskup í Skálholti, bls. 197–253. Jón Pálsson ritstj. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Sigurður Pétursson. 1999. Klassísk áhrif á latínukveðskap Íslendinga. *Http://www.bok.hi.is/Vefnir/efnilsigurdp.htm*.
- Sigurjón Einarsson. 1960. Séra Ólafur á Söndum. *Skírnir* 134:74–128.
- Skafta Jensen, Minna. 1995. Denmark. *A History of Nordic Neo-Latin Literature*, bls. 19–65. Minna Skafta Jensen ritst. Odense University Press, Óðinsvéum.
- Stefán Einarsson. 1961. *Íslensk bókmenntasaga 874–1960*. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.
- Stein, Arnold. 1986. *The House of Death*. Messages from the English Renaissance. Johns Hopkins University Press, Baltimore.
- Ström, Annika. 1995. Tears for Karin Timansdotter — Funeral poems from 1628. *A History of Nordic Neo-Latin Literature*, bls. 281–293. Minna Skafta Jensen ritstj. Odense University Press, Óðinsvéum.
- Sverrir Tómasson. 1983. Helgisögur, mælskufræði og forn frásagnarlist. *Skírnir* 157:130–162.
- Sverrir Tómasson. 1988a. *Formálar íslenskra sagnaritara á miðöldum*. Rannsókn bókmenntahefðar. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Sverrir Tómasson. 1988b. Fyrsta málfraeðiritgerðin og íslensk menntun á 12. öld. *Tímarit Háskóla Íslands* 3:71–78.
- Thielicke, Helmut. 1983. *Living with Death*. Geoffrey W. Bromiley þýddi. Eerdmans, Grand Rapids.
- Tyrkjaránið á Íslandi 1627*. 1906–1909. Sögurit IV. Sögufélag, Reykjavík.
- Vickers, Brian. 1983. Epideictic and Epic in the Renaissance. *New Literary History* 14:497–537.
- Vossius, Gerhardus Johannes. 1990. *Elementa Rhetorica eller Retorikens Grunder*. Översatt och utgiven av Stina Hansson. Litteraturvetenskapliga institutionen, Göteborgs universitet, Gautaborg.
- Porleifur Hauksson og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Mál og menning, Reykjavík.
- Þórunn Sigurðardóttir. 1996. Tvær bókmenntagreinir á satjándu öld: lúterska erfiljóðið og harmljóðið. Óútfegin ritgerð til M.A.-prófs í íslenskum bókmenntum við Háskóla Íslands
- Þórunn Sigurðardóttir. 1997. Erfiljóðahefðin á 17. öld og Hallgrímur Pétursson. *Hallgrímsstefna*. Fyrirlestrar frá ráðstefnu um Hallgrím Pétursson og verk hans sem haldin var í Hallgrímskirkju 22. mars 1997, bls. 87–97. Ritroð Listvinafélags Hallgrímskirkju 1. Listvinafélag Hallgrímskirkju, Reykjavík.
- Þrjár þýðingar lærðar frá miðöldum*. 1989. Gunnar Ágúst Harðarson bjó til prentunar. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Æfisaga Jóns Þorkelssonar skólameistara í Skálholti* I. 1910. Á kostnað Thorkillisjóðsins, Reykjavík.

SUMMARY

In the seventeenth century, it became fashionable in the learned circles of northern Europe to compose poetry on the occasion of weddings, funerals, and other events in people's lives. This poetic fashion came to Iceland with men returning from their studies abroad, and with books these learned men brought with them to their homeland. The remembrance (the personal elegy) was the most popular of these genres in Iceland, written to honor deceased men and women of high social standing. Although most of the major Icelandic poets of the seventeenth century wrote poetry within this genre, literary historians have for the most part ignored it, and generally regarded remembrances to be of limited value from artistic point of view. The main reason for this attitude is the fact that very few poems of this type have been published, while a great number of them are preserved in manuscripts in the Icelandic National Library and the Arnarnaganeana Institute.

To a certain extent, remembrances seek their content and structure to the rhetoric tradition (primarily to the branch called *genus demonstrativum*), which the poets learned in the Latin schools of their time. The discourse is, however, based on the ideas of Lutheran orthodoxy pertaining to "the worthy life" and "the good death" of the elect. The poets emphasize certain facts about the dead person's life and praise his or her character, especially in the light of Christian virtues. The poems mourn the subject, and grieve over the tragic loss for his or her loved ones, region, or country. Often they describe the hour of death in detail, and then it designates the life of the dying person in a nutshell. The mourners are consoled, at the same time as they are encouraged to consider their own life and death.

This article argues that the remembrance had both a social and religious function. Its major component is praise of the exemplary person, whose life should serve as a paradigm for others. Most prominent in this respect are his or her Christian virtues, excellent marriage, calling, pursued with care and concern, and his or her conduct at the time of death. But, at the same time as the poet constructs a memorial over the deceased, and praises him or her as a model for others, his rhetorical aim is to convince those who mourn that the deceased has reached Paradise and there the reader will, if God allows it, meet again the one he grieves.

Hagamel 40
107 Reykjavík
thorunn@akademia.is